

Ytra mat

Leikskólinn Eyrarskjól

Ísafirði

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og barnamálamálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigrún Einarsdóttir
© Menntamálastofnun, 2022
ISBN 978-9979-0-2760-7

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsfólk	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	12
Stjórnskipulag og skipurit	12
Námskrá og áætlanir	12
Stjórnun og starfsfólk	12
Fagleg forysta	14
Starfsandi og starfsánægja	14
Uppeldis- og menntastarf	16
Námsaðstæður	16
Starfshættir	17
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	18
Námssvið	18
Velferð og líðan barna	20
Mat á námi og velferð barna	20
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	23
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	23
Viðhorf foreldra	24
Samstarf við grunnskóla	24
Annað samstarf	24
Skóli án aðgreiningar	26
Skólaþjónusta og sérkennsla	26
Börn með annað móðurmál en íslensku	27
Innra mat	29
Skipulag og viðfangsefni	29
Gagnaöflun og vinnubrögð	29
Opinber birting og umbætur	29
Samantekt matsþátta	31
Samantekt	32
Lokaorð	36
Heimildir	37

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Eyrarskjól er rúmgóður og vel skipulagður hvað varðar uppeldisstarfið og tækifæri til að skipta börnum í minni og stærri hópa. Ekki er viðunandi aðstaða fyrir sérkennslu og undirbúningsaðstöðu starfsfólks¹ er ábótavant. Leikskólinn uppfyllir því ekki öll skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hann uppfyllir ekki ákvæði laga um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara. Leikskólinn vinnur samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði og hefur sett sér einkunnarorð. Starfsfólk og foreldrar² þekkja einkunnarorð og stefnu leikskólans og lýsa yfir ánægju með hana. Góð hljóðvist er í leikskólanum. Útileiksvæði er sæmilega stórt, vel skipulagt og býður upp á nokkuð fjölbreytta möguleika til náms og leiks. Gera þarf úrbætur á fallvörnum og frágangi á grænum svæðum á útileiksvæði.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólanum er stjórnað af metnaði og samábyrgð starfsfólks er sýnileg. Starfshópurinn er samhentur og samstarfið gott. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega. Svigrúm er veitt til símenntunar starfsfólks og stjórnenda. Starfsfólk hefur trú á gæðum starfsins, er stolt af því og segir starfsandann góðan. Ákvarðanatáka innan leikskólans er að hluta til lýðræðisleg og upplýsingaflæði er gott. Til er skólanámskrá í leikskólanum sem er í endurskoðun og gert er ráð fyrir að allt starfsfólk taki þátt í þeirri vinnu. Í tengslum við endurskoðun námskrárinnar þarf að samræma betur áherslur aðalnámskrár leikskóla 2011 og skólastefnu sveitarfélagsins við hugmyndafræði og framkvæmd Hjallastefnunnar til að forðast óþarfa endurtekningar í skólanámskránni. Tryggja ætti aðkomu barna og foreldra að vinnu við endurskoðun námskrárinnar. Allar lögbundnar áætlanir og stefnur fyrir leikskólastarfið liggja fyrir. Starfsáætlun og dagskipulag er til fyrir yfirstandandi skólaár en við gerð næstu starfsáætlunar þarf að fylgja áherslum í aðalnámskrá leikskóla 2011.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Námsumhverfi er skipulagt út frá hugmyndafræði leikskólans. Húsnæði á kjörnum er vel nýtt. Efniviður er nokkuð fjölbreyttur en mætti skoða nýtingu á einstaka leikefni. Þar má benda á Einingakubba sem eru hluti af stærðfræðinámi samkvæmt námskrá sem eru fáir og slitnir og starfsfólk þekkir ekki hugmyndafræðina sem þeir byggja á. Holukubbar eru ekki sýnilegir þó þeirra sé getið í skólanámskrá. Samskipti starfsfólks og viðmót við börnin einkennist af jákvæðni og hlýju. Sama dagskipulag er yfir allan leikskólann samkvæmt hugmyndafræðinni. Sýnilegt er að börnunum líður vel og leikur þeirra og samskipti eru yfirleitt góð. Vinna ætti betur með barnalýðræði í daglegu starfi með því að fjölga val-tækifærum barna og möguleikum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Í því sambandi mætti til dæmis auka framboð á verkefnum í skapandi starfi. Æskilegt væri að auka þátttöku barna við undirbúning matmálstíma og hvetja þau til sjálfshjálpar í matartímum og fataherbergi. Verkefnið *Lubbi finnur málbein* er hluti af málörvunarverkefnum leikskólans en er ekki mikið sýnilegt á vettvangi og þarf að finna leið til að auka og samræma vinnu með það yfir allan leikskólann. Ágætlega er unnið með námssviðin fyrir utan skapandi starf og vísindi. Leggja ætti meiri áherslu á vinnu með útinám.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er gott. Þeir þekkja stefnu og áherslur hans og hvernig unnið er í samræmi við þær. Almenn er foreldrar ánægðir með upplýsingar leikskólans. Þeir eru ánægðir með aðbúnað barna, einnig samskipti og viðmót starfsfólks við börn og foreldra. Skoða ætti ábendingar

1 Skýringar á starfsheitum. Í Eyrarskjóli er talað um leikskólastýrur í stað leikskólastjóra, kjarnastjóra í stað deildarstjóra og kennara í stað starfsfólks. Í þessari skýrslu verður talað um leikskólastýrur og kjarnastjóra en í stað kennara verður talað um starfsfólk þar sem heitið kennari er löggilt starfsheiti.

2 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

foreldra um ýmsa þætti í starfi leikskólans svo sem um útinám, skapandi starf og um aukna þátttöku foreldra í mati og námi barna. Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag og hefur hvort sína stjórn. Foreldraráð ætti að vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans ásamt fundargerðum ráðsins.

Skóli án aðgreiningar

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmd sérkennslu og gerð einstaklingsáætlana. Hún er tengiliður við sérfræðinga utan leikskólans. Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram á kjörnum en í einstaklingskennslu eða minni hópum þegar við á. Íslenskukennari starfar í 50% starfi að íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku og einnig sér hún um málörvun íslenskumælandi barna. Sérkennslustjóri vinnur með starfsfólki sem annast sérkennslubörn á kjörnum og veitir því upplýsingar og ráðgjöf varðandi börnin. Leikskólinn nýtur ráðgjafar talmeinafræðings og sálfræðings á vegum Skóla- og tólmstundasviðs Ísafjarðarbæjar. Boðið er upp á túlkabjónustu í viðtölum ef við á og upplýsingar á heimasíðu eru á þrem tungumálum auk íslensku.

Innra mat

Í skólanámskrá segir að leikskólinn standi fyrir umfangsmiklu innra mati. Þar er talið upp reglubundið innra eftirlit Hjallastefnunnar og foreldra- og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Einnig er talað um skráningu á vali og hópastarfi. Í leikskólanum er ekki til matsáætlun fyrir yfirstandandi skólaár. Ábyrgð á áherslum og forgangsröðun fyrir innra mat er í höndum leikskólastýru ásamt aðstoðarleikskólastýru. Stækka ætti þann hóp sem kemur að forgangsröðun á mati með því að leita eftir hugmyndum starfsfólks og foreldra. Innra mat leikskólans byggir á samræðum starfsfólks á kjarnafundum³ og starfsmannafundum. Þar er farið yfir talningar á skráningum í hópastarfi og vali á kjörnum, niðurstöðum úr Hjallastefnukönnun og tölur úr foreldra- og starfsmannakönnunum. Lokaniðurstöður innra mats eru svo, samkvæmt upplýsingum frá leikskólastýru, birtar á Karellen sem er lokað vefsvæði fyrir foreldra og starfsfólk. Til úrbóta ætti að stofna matsteymi, gera matsáætlanir, annars vegar nákvæma áætlun til eins árs með ábyrgðarmann fyrir hverjum matsþætti hins vegar matsáætlun til fleiri ára. Gera ætti niðurstöður innra mats og matsáætlun sýnilega á heimasíðu leikskólans.

3 Í gögnum Eyrarskjóls er talað um kjarna yfir það rými sem í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla er talað um sem deildarrými. Í þessari skýrslu verður talað um kjarna í samræmi við orðræðu leikskólans.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Eyrarskjóli. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Það var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 26.–29. september 2022. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og mennta- starf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólajónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og barnamálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi svo sem skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerðum um innra mat, átætlunum, dagskipulagi, niðurstöðum úr ytra mati sveitarfélaga og mennta- og barnamálaráðuneytis. Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 3. september 2022 á rafrænu formi. Leikskólastýru var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við matsaðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum kjörnum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við kjarnastýrur, starfsfólk, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastýru, aðstoðar/sérkennslustýru og rætt var við íslenskukennara. Haft var samband við formann Skóla- og tómsundasviðs og umsjónarmann sérkennslu Ísafjarðarbæjar.

Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki. Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á kjarna og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til (sjá nánar í lok skýrslu). Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastýru til yfirlustrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Eyrarskjól er fimm kjarna leikskóli staðsettur við Eyrargötu 1 á Ísafirði. Rekstraraðili er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Ísafjarðarbæ frá árinu 2014. Leikskólinn vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla frá 2011, skólastefnu Ísafjarðarbæjar og hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Einkunnarorð leikskólans eru; *Jafnrétti – Lýðræði – Sköpun*.

Í Eyrarskjóli dvelja 87 börn á aldrinum 18 mánaða til fimm ára, 30 stúlkur og 57 drengir. Ellefu börn eiga annað móðurmál en íslensku og einnig eru börn með skilgreinda sérkennslu. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:45–16:15.

Kjarnar leikskólans og fæðingarár barna eru:

Blái kjarni-stúlkur	2018–2019
Rauði kjarni-drengir	2018–2019
Gulí kjarni-drengir	2018–2019–2020
Græni kjarni-stúlkur og drengir	2019–2020
Hvíti kjarni-stúlkur og drengir	2019–2020–2021

Húsnæði og útileiksvæði

Húsnæði leikskólans er rúmgott hvað varðar leikrymi barna og er vel skipulagt og nýtt fyrir vinnu með börnum. Á hverjum kjarna eru tvær stofur, fataherbergi og snyrting. Aðstaða er fyrir stærri fundi þar sem hægt er að opna milli kjarna en ekki er aðstaða fyrir viðtöl eða minni fundi. Í leikskólanum er vel skipulagt eldhús og þvottaaðstaða. Ekki er sérkennsluherbergi í húsinu en lítið gluggalaust herbergi á gangi er notað fyrir sérkennslu. Undirbúningsherbergi starfsfólks er staðsett milli kaffistofu og gangs; við það myndast því óhjákvæmilega gegnumgangur um það. Kaffistofa er fyrir starfsfólk. Leikskólastýrur deila lítilli skrifstofu sem jafnframt er notuð til minni funda svo sem foreldravíðtala. Í leikskólanum er ekki listaskáli eða vísindastofa. Lítið geymslurými er í leikskólanum og er það meðal annars leyst með geymsluskápum fyrir námsgögn sem er í kaffistofu starfsfólks. Umgangur veldur ónæði og óþægindum fyrir starfsfólk í kaffitímum. Í foreldrakönnun kom fram að meirihluti er ánægður með aðbúnað barna í leikskólanum. Loftræsting er biluð á einum kjarna skólans og lítil loftræsting er á gangi sem liggur með þeirri hlið byggingarinnar sem snýr að útileiksvæði í suður. Einn gluggi er á þeim gangi, staðsettur nærri gólfi og þegar hann er opinn getur hann valdið slyshættu fyrir börn sem hlaupa um stéttina fyrir framan leikskólann.

Að sögn stjórnenda hafa orðið alvarleg óhöpp í leikskólanum eftir að byggt var við hann. Nefndu þar dæmi um ljós sem datt rétt hjá barni í fataherbergi, reyk/eld sem kom upp í leikskólanum og alvarlegt óhapp á útileiksvæði vegna efnis sem notað er í fallvörn við rólur. Samkvæmt upplýsingum frá formanni skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar hafa farið fram lögboðnar úttektir á húsnæði og útileiksvæði leikskólans. Skólastýrur könnuðust ekki við að hafa séð þá úttekt. Í starfsmannakönnun Skólalátsins frá vori 2022, svarhlutfall var 71%, kemur fram að 95,5% starfsfólk er sæmilega ánægt með aðstöðu innan leikskólans. Húsnæðið uppfyllir ekki að fullu kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Útileiksvæði er ekki stórt en ágætlega skipulagt, meðal annars er afgirt svæði fyrir yngstu börnin. Leiksvæðið er nokkuð vel búið leiktækjum. Lítil sparkvöllur er við annan enda hússins. Fallvörn við rólur er gróft trjáskúr sem dreifst hefur um garðinn og getur verið börnum hættulegt. Í samtali við leikskólastýru kom fram að kurlbútur hafi fest í hálsi barns. Skipt hefur verið um fallvörn á svæði yngstu barnanna en frágangi var ekki lokið þegar matið fór fram. Gúmmímottur sem settar hafa verið undir grasþökur standa upp úr þökunum á nokkrum stöðum og geta valdið óhöppum. Athugasemd kom

fram um trjákurlið frá foreldrum í rýnihópi. Utan leikskólalóðar eru góðir möguleikar til vettvangsferða og útináms.

Starfsfólk

Starfsfólk sem starfar við leikskólann er samtals 31 í alls 26 stöðugildum. Tveir stjórnendur eru í leikskólanum leikskólastýra og aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýra. Auk stjórnenda starfa fimm kjarnastýrur í leikskólanum.

Leikskólastýra hefur starfað við leikskólann frá 2012 hún er með B.ed. leyfisbréf í leikskólakennarafræðum og er í 100% stjórnunarstöðu. Aðstoðarleikskólastýra í 100% stjórnunarstöðu (50% aðstoðarskólastýra og 50% sérkennslustýra) hefur starfað við leikskólann frá 2019, hún er með B.Ed í leikskólakennarafræðum og diplómu í uppeldis- og menntunarfræðum með sérkennslufræði og skóla margbreytileikans sem kjörsvið.

Kjarnastýrur eru fimm, ein er aðstoðarleikskólakennari og fjórar eru leikskólaliðar. Annað starfsfólk sem starfar á kjörnum er einn aðstoðarleikskólakennari, þrjár leikskólaliðar, einn leikskólaleiðbeinandi A, tveir leikskólaleiðbeinendur B, annað starfsfólk á kjörnum er ekki með framhaldsnám. Þroskaþjálfari starfar við skólann í 100% stöðu og íslenskufraeðingur með BA-gráðu í 50% stöðu. Starfsfólk í eldhúsi er matráður og ein aðstoðarkona. Í leikskólanum starfa 26 konur og tveir karlmenn. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara. Samkvæmt samtölum við leikskólastjóra og formann Skóla- og tómsundasviðs hefur verið nokkur starfsmannavelta í leikskólanum undanfarið ár.

Hugmyndafræði og áherslur

Í gögnum leikskólans segir að Eyrarskjól starfi samkvæmt aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og taki mið af skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Hugmyndafræði leikskólans er Hjallastefnan. Leikskólastýran orðaði það þannig „Skólinn er því hluti af tvenns konar faglegu samhengi: annars vegar deilir leikskólinn faglegri sýn með öllum leikskólum Íslands sem starfa eftir aðalnámskrá og hins vegar deilir leikskólinn sýn með öðrum Hjallastefnuskólum bæði á leik- og grunnskólastigi.“ Á heimasíðu leikskólans er annars vegar að finna skólanámskrá leikskólans og hins vegar kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Í kynjanámskrá Hjallastefnunnar er meðal annars talað um að markmið með hinu kynjaskipta skólastarfi sé að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Í skólanámskrá er talað um að leikskólinn vinni með grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla 2011 en auk þess er talað um námssvið leikskólans sem samþætt og skapandi leikskólastarf. Í skólanámskrá segir að leikskólinn taki mið af áherslum í skólastefnu Ísafjarðarbæjar sem byggir á grunnþáttum aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Grunnildi skólastefnu Ísafjarðarbæjar eru *Virðing – Ábyrgð – Metnaður – Gleði*. Í stefnunni er lögð áhersla á vinnu með sköpun, gagnrýna hugsun, samskiptafærni og læsi í víðum skilningi til að undirbúa nemendur við að takast á við áskoranir 21. aldarinnar. Í rýnihópum foreldra, kjarnastýra og starfsfólks kemur fram þekking og ánægja með hugmyndafræði og áherslur leikskólans. Aðspurðar um hvernig hugmyndafræðin birtist í leikskólastarfinu tala kjarnastýrur um einfaldleikann, fast skipulag, lítið áreiti á veggjum og að hvert barn eigi sitt númer á mottunni. Kjarnastýrur draga þetta saman og vitna í *R-reglurnar* með orðunum *röð, regla og rútína* sem þær segja mikilvægt að hafa alltaf í huga. Rýnihópur starfsfólks sér stefnuna í því hvernig talað er við börnin og skipulag starfsins á kjörnum.

Í starfsáætlun leikskólans segir að unnið hafi verið markvisst að eflingu læsis og stærðfræði frá árinu 2014 með tilkomu verkefnisins *Stillum saman strengi*. Þar kemur einnig fram að leikskólinn taki nú þátt í þróunarverkefninu *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþorska og læsi*. Í starfsáætlun kemur fram að bæði þessi verkefni eru samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Ísafjarðarbæ. Á vettvangi sáu matsaðilar börn og starfsfólk í skólafötum með merki Hjallastefnunnar.

Styrkleikar

- Stefna leikskólans er sett fram í skólanámskrá.
- Almenn ánægja er meðal starfsfólks og foreldra með stefnu skólans.
- Áherslur stefnunnar koma fram í skipulagi leikskólans og starfi með börnunum.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga.
- Meta ætti hvernig stefnur og áherslur sem fram koma í skólanámskrá samræmast og hvernig þær birtast í uppeldisstarfinu á kjörnum.
- Auglýsa skal allar lausar stöður leikskólakennara í skólanum samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla.
- Leita þarf leiða til að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks í leikskólanum svo sem sérkennsluherbergi, rými fyrir minni fundi og bæta undirbúningsaðstöðu.
- Gera þarf nauðsynlegar lagfæringar á útileiksvæði með tilliti til öryggis barna.
- Leita leiða til að bæta loftgæði á gangi leikskólans og sinna viðgerðum á loftræstingu.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans er Hjallastefnan ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Ísafjarðarbæ. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem skipuð er fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn. Fræðslunefnd fer með málefni leik- og grunnskóla í Ísafjarðarbæ. Næstu yfirmenn leikskólastýru eru framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar og formaður skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar. Skóla- og sérkennslufulltrúi á skóla- og tómstundasviði sinnir ráðgjöf og eftirliti með sérkennslu í leikskólanum. Sálfræðiráðgjöf, talmeinaráðgjöf og talþjálfun er veitt af sálfræðingi og talmeinafræðingi sem starfa sem verktakar hjá sveitarfélaginu. Fyrir liggur menntastefna Ísafjarðarbæjar frá 2019. Leikskólastjórar í sveitarfélaginu hittast reglulega. Leikskólastýra Eyrarskjóls nýtir ráðgjöf og stuðning frá aðalskrifstofu Hjallastefnunnar eftir þörfum.

Eins og áður hefur komið fram vinnur leikskólinn samkvæmt hugmyndafræði Hjallastefnunnar og menntastefnu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur sett sér læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla og vinnur leikskólinn samkvæmt henni og auk þess læsis- og stærðfræðistefnu Hjallastefnunnar. Í leikskólanum er til áætlun um upphaf leikskólagaöngu barna. Verklagsreglur eru til um viðbrögð við slysum og slyskráningarblið. Öryggis- og ófullkomin rýmingaráætlun er til og sýnileg við alla útganga á kjörnum og í starfsmannarými. Jafnréttisáætlun og viðbragðsáætlun vegna eineltis eru í leikskólanum. Áfallateymi er í leikskólanum. Eyrarskjól er systurskóli Hjalla í Hafnafirði og hefur verið í samstarfsverkefni við hann um innleiðingu Hjallastefnunnar. Að sögn formanns skóla- og frístundasviðs hefur leikskólinn gott orð á sér í samfélaginu og niðurstöður úr foreldrakönnunum eru yfirleitt jákvæðar.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2014 og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Byrjað var að endurskoða hana árið 2020. Allt starfsfólk tekur þátt í þeirri endurskoðun og í skólanámskránni er gert ráð fyrir að foreldraráð muni lesa hana yfir. Námskrá leikskólans uppfyllir kröfur sem gerðar eru um skólanámskrá í aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Hún er sett saman úr tveim áherslupáttum, annars vegar Hjallastefnunni og hins vegar aðalnámskrá leikskóla 2011 og auk þess er talað um að fylgja menntastefnu sveitarfélagsins. Þetta verður til þess að nokkuð er um endurtekningar og gerir námskrána heldur ruglingslega.

Starfsáætlun uppfyllir að nokkru leyti kröfur sem gerðar eru til starfsáætlunar í aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Í henni er ekki áætlun um innra mat fyrir skólaárið. Ekki er fjallað um hvernig meta á markmið aðalnámskrár þar með talið grunnþætti menntunar og námssvið leikskólans eða hugmyndafræði leikskólans. Ekki eru settar fram niðurstöður um innra mat eða umbótaáætlun. Þess í stað er gefinn upp hlekkur á Karellen sem er lokaður vefur foreldra og starfsfólks. Samkvæmt leikskólastýru á þar að vera umbótaáætlun sem unnin er upp úr foreldra- og starfsmannakönnunum. Ekki kemur fram að þar sé að finna umbótaáætlun vegna annars mats sem sagt er að fari fram í leikskólanum. Starfsáætlun er ekki aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Á heimasíðu leikskólans er ársskýrsla leikskólans fyrir árið 2020–2021 sem ætluð er fræðsluyfirvöldum í Ísafjarðarbæ og Hjallastefnunni. Starfsmannahandbók er aðgengileg starfsfólki í undirbúningsaðstöðu starfsfólks en útgáfuár vantar.

Stjórnun og starfsfólk

Ekki hefur verið formlegt stjórnunarteymi í Eyrarskjóli síðan 2019 en samkvæmt samtali við leikskólastýru mynda leikskólastýrur stjórnunarteymi ásamt íslenskufraeðingi. Þessir stjórnendur eru ekki með fasta fundi og ekki með skráða verkaskiptingu. Samkvæmt leikskólastýru sér hún um daglegan rekstur og starfsmannahald. Að sögn hennar er ætlunin að setja skýrari línur í verkaskiptingu stjórnenda. Aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýra sér um skipulag sérkennslu og fagstarf ásamt kjarnastýrunum. Að sögn hennar voru áður engar kjarnastýrur þar sem lögð var áhersla á flatan stjórnunarstrúktúr. Í ljós kom að þetta skipulag var ekki heppilegt. Því var ákveðið að hafa stýru á hverjum kjarna og í dag er verið að vinna að því að auka ábyrgð þeirra á stjórnun kjarnastarfsins. Í rýnihópi kjarnastýra kom fram

að þær sjá um að skipuleggja uppeldisstarfið á kjörnum og vinnu starfsfólks, þar með talið að sjá um að leysa mál vegna veikinda og annarra afleysinga.

Starfslýsingar eru til í leikskólanum en ekki aðgengilegar starfsfólki. Ekki er skipurit til fyrir leikskólann. Áætlun um skipulagsdaga er sett upp fyrir starfsárið og kemur það fram á skóladagatali. Skipulagsdagar í leikskólanum eru þrjú á ári og fylgja þeir starfsdögum grunnskóla sveitarfélagsins. Á þessu skólaári er bætt við tveim skipulagsdögum vegna undirbúnings og vinnu við þróunarverkefnið „Snemmtæk íhlutun“ með áherslu á málþroska og læsi. Á þeim er farið yfir skipulag starfsins og stefnu skólans með öllu starfsfólki. Samtals er gert ráð fyrir 20 klst. á ári fyrir starfsmannafundi. Fyrir hvern fund er gerð dagskrá og skráðar fundargerðir sem geymdar eru í möppu hjá leikskólastjóra. Kjarnastýrur koma upplýsingum af fundinum til starfsfólks sem ekki getur mætt á fundi.

Kjarnastýrur funda ekki reglulega en kallaðir eru saman fundir (deildarstjórafundir) ef upp koma verkefni sem þarf að ræða. Mánaðarlega er það sem kallað er lotufundir (deildarfundir) þar sem allt starfsfólk á kjarna mætir og í sumum tilfellum leikskólastýrur. Á lotufundum er farið yfir skráningar úr hópastarfi og vali, þessi vinna er hluti af innra mati leikskólans en fundargerðir eru ekki ritaðar. Eftir lotufundi er gert ráð fyrir að kjarnastýrur fundi en samkvæmt þeim hefur illa gengið að halda því vegna veikinda, tímaleysis og vinnutímastyttingar.

Kjarnastýrur fá lögbundinn undirbúningstíma og annað starfsfólk í 100% starfi fær tvo tíma á viku en annars eftir starfshlutfalli. Undirbúningur er tekinn í leikskólanum, sé það mögulegt en annars er greidd yfirvinna og starfsfólk tekur undirbúninginn heima. Ekki kom fram hvort starfsfólk heldur skrá yfir það sem unnið er í undirbúningstíma. Í starfsmannakönnun 2022 kom fram ánægja með skipulag undirbúningstíma.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er ekki fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Í samtali við formann skóla- og frístundasviðs kom fram að lausar stöður leikskólakennara eru ekki reglulega auglýstar. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Farið er eftir ákveðnu skráðu verklagi við móttöku nýs starfsfólks, upplýsingar um það er að finna í starfsmannahandbók. Nýliðar fá tíu vikna nýliðafræðslu um Hjallastefnuna hjá leikskólastýru. Að lokinni þessari fræðslu fær starfsfólk eins flokks launahækkun. Annars fer þjálfun nýs starfsfólks fram á kjörnum og er á ábyrgð kjarnastýru. Ekki er fast ferli varðandi viðtöl á reynslutíma nýliða; stór hluti starfshópsins er ungur, reynslulítill og fátt fagmenntað fólk sem kemur óhjákvæmilega fram á fagstarfinu.

Símenntunaráætlun liggur fyrir í leikskólanum. Símenntun fer fram á skipulagsdögum og starfsmannafundum auk þess sem starfsfólk sækir fræðslu utan leikskólans. Öll tilboð sem berast inn í leikskólann um símenntun setur leikskólastýra inn á fésbók starfsfólks og fólk er hvatt til að sækja sér símenntun. Hauststefna Hjallastefnunnar er námskeiðsdagur leikskólans þar sem starfsfólk getur valið sér fræðslu eftir áhugasviðum sínum innan Hjallastefnunnar. Starfsfólk í rýnihópi er ánægt með fræðslutilboð sem eru í boði. Hjallastefnan hefur styrkt starfsfólk sem stundar nám í leikskólakennarafræðum með því að gefa leyfi á launum í námslotum. Aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýra segir starfsfólk vera duglegt við að miðla þekkingu, fagumræða fari vaxandi, reynt sé að stuðla að virku lærdómssamfélagi. Samkvæmt niðurstöðum úr starfsmannakönnun er þörf fyrir fræðslu varðandi ýmsa þætti er varða leikskólastarfið svo sem fræðslu um inntak aðalnámskrár leikskóla 2011, skráningu á þroska og námi barna, skipulagningu daglegs starfs og um þróunarferli ungra barna. Einnig væri þörf fyrir fræðslu um börn með stuðning og um hegðun og samskipti barna, fjölmenningslegu umhverfi og samstarf við foreldra. Við spurningu um þekkingu á hugmyndafræði Hjallastefnunnar telur meirihluti sig ekki hafa þörf fyrir meiri þekkingu á henni. Rúmlega 62% hefðu viljað taka meiri þátt í símenntun og ástæður eins og of lítið svigrúm innan vinnutíma, fjölskylduaðstæður eða ekki áhugaverðir kostir í boði voru nefndir sem ástæða fyrir of lítilli þátttöku í símenntun.

Fagleg forysta

Í viðtali var leikskólastýra spurð um sínar áherslur í stjórnun. Hún sagðist leggja áherslu á að dreifa ábyrgð á kjarnastýrur, vilji ekki vera eini stjórnandinn. Hún treysti fólkinu til að sjá um að vel sé hlúð að börnum og foreldrum. Sagði miklu máli skipta að viðhalda gleði meðal starfsfólksins og heiðarlegum samskiptum, vísar þar í gildi Hjallastefnunnar. „Í Hjallastefnunni fær einstaklingurinn svo vel að njóta sín. Starfsmaðurinn þarf að vera heill í trúnni á hana, þarf að hafa vilja til að þjónusta fólkið.“ Aðspurð sagðist leikskólastýra vera ánægðust með faglega og góða vinnu starfsfólksins og að börnum og foreldrum liði vel í leikskólanum. Varðandi spurninguna um hvað mætti bæta talaði hún um samskipti við sveitarfélagið sem mætti bæta, en taldi að sameiginlegt þróunarverkefni leikskólanna gætu mögulega skýrt ferla og bætt samvinnuna. Samkvæmt starfsmannakönnun Skólapúlsins frá maí 2022 er almenn ánægja með stjórnun leikskólans. Aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýra stýrir fagstarfinu í leikskólanum. Hún sagðist eiga frekar auðvelt með að tengjast fólki og væri frekar létt í skapi. Taldi að starfsfólkið treysti sér og það segði að auðvelt væri að ræða við hana. Til að styrkja sig í starfi hefur hún sótt sér ýmiskonar fræðslu varðandi stjórnun og leiðsögn starfsfólks. Hún sagðist vera fús að miðla fagþekkingu og að hennar hlutverk væri að leiða faglegrar umræður í leikskólanum. Að hennar mati hugsar starfsfólk vel um börnin. Börnum og foreldrum líði vel og samskipti við þá væru mjög góð. Leikskólastýra sagðist reyna að taka púlsinn í leikskólanum á öllum tímum dags. Hún færi inn á kjarna til að leysa af, fylgjast með og kynnast börnunum. Sagðist eiga viðtöl við kjarnastýrur þar sem hún miðlar reynslu sinni af því að koma inn á kjarnana. Í starfsmannakönnun frá 2022 svöruðu flestir stundum eða fremur oft ánægju með möguleika starfsfólks á þátttöku í ákvörðunum og hvatningu frá yfirmanni til starfsfólks um að tjá skoðanir sínar. Aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýra sagðist leggja áherslu á að líta inn á alla kjarna að morgni, til að ræða við starfsfólkið og kynnast börnunum. Sem sérkennslustýra sagðist hún reyna að lesa barnahópin með því að horfa á þau í leik, einnig fari hún inn á kjarna til að fylgjast með einstaklingum sem kjarnastýrur hafa áhyggjur af. Sagðist hún einnig reyna að fylgjast með vinnu starfsfólks og samskiptum þess við börn og leiðbeina ef með þarf. Í rýnihópi kjarnastýra kom fram að leikskólastýrurnar koma alla jafna inn á kjarna á morgnana, heilsa og eru stundum með ákveðin erindi. Hópurinn taldi þær ekki fylgjast með eða koma með endurgjöf, en sögðu þær stundum benda á það sem er vel gert. Þegar elstu börnin í leikskólanum fjögurra ára voru spurð um leikskólastjórnann gátu þau ekki nefnt nafn hennar en nefndu nokkur önnur nöfn.

Starfsandi og starfsánægja

Að sögn leikskólastýra er andrúmsloft í leikskólanum alla jafna gott og einkennist af jákvæðni og gleði, trausti og heiðarleika. Reynt væri að nýta mannauð leikskólans vel og metnaður einkenni starfshópin. Þetta birtist í samheldni og góðri vinnu. Starfsfólkið væri samhent og leitaðist við að aðstoða og upplýsa hvert annað. Lögð væri áhersla á að „hafa allt uppi á borðinu“ sagði leikskólastýra. Í máli aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýru kom fram að í meginreglum Hjallastefnunnar væri einn liður sem gerir kröfur um hegðun starfsfólks, „að bera ábyrgð á sjálfum sér og samskiptum við aðra. Hver og einn beri ábyrgð á starfsandanum í leikskólanum.“ Öll mál sem upp kæmu væru rædd og tekið á þeim. Þátttakendur í rýnihópi kjarnastýra voru sammála um að metnaður væri innan starfshópsins og störf þeirra væru metin af stjórnendum. Þær væru stoltar af starfi sínu og gætu haft ákveðið frumkvæði í hópatímum en ekki til að breyta Hjallastefnuáherslum. Sögðust fá hrós frá stjórnendum, öðru starfsfólki og foreldrum. Hæfni þeirra nýtist vel og nefndu í því sambandi dæmi um söng og hljóðfæraleik. Í hópnum kom fram ákveðin óánægja með fyrirkomulag vinnutímastyttingar sem þær töldu auka álag á kjörnum. Í rýnihópi starfsfólks var talað um samhentan hóp sem einkennist af gleði og kátínu. Fram kom í starfsmannakönnun Skólapúlsins frá maí 2022 að meirihluti starfsfólks taldi starfsanda, samvinnu og stuðning innan starfsfópsins vera góðan. Meirihluti starfsfólks hafi í flestum tilfellum trú á eigin getu til að skila góðu starfi. Í starfsmannakönnuninni kom fram að vart hafi orðið við einelti og/eða áreiti.

Í viðtali við formann skóla- og frístundasviðs Ísafjarðarbæjar og umsjónarmann sérkennslu á sama sviði komu fram áhyggjur af skipulagi vinnutímastyttingar í leikskólanum út frá öryggi barnanna.

Styrkleikar

- Leiðbeinandi starfsmannahandbók er í leikskólanum.
- Móttökuáætlun er fyrir nýtt starfsfólk og starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, jafnréttis- og eineltisáætlun, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggishandbók.
- Skóladagatal er á heimasíðu.
- Símenntunaráætlun er unnin í leikskólanum með áherslu á fræðslu fyrir allan starfshópinn.
- Starfsfólk hefur metnað fyrir hönd leikskólans, trú á gæðum starfsins og er stolt af starfi sínu.
- Leikskólinn er með samning við Skólaláttarmannafélagið um árlegar foreldra- og starfsmannakannanir.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár og samræma betur áherslur aðalnámskrár leikskóla 2011 og skólastefnu sveitarfélagsins við framkvæmd hugmyndafræðinnar til að forðast óþarfar endurtekningar í skólanámskránni.
- Endurskoða þarf starfsáætlun í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Setja betur fram áætlun og aðferð við innra mat, umbótaáætlun og birta í starfsáætlun á heimasíðu.
- Gera þarf skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda með tilliti til ábyrgðarluta hvers fyrir sig og skýra samráðsferli þeirra.
- Æskilegt væri að skilgreina hlutverk stjórnenda og kjarnastjóra gagnvart einstökum verkefnum.
- Fylgja þarf markvisst eftir áætlun um þjálfun nýliða í starfi.
- Festa þarf fundartíma fyrir lotufundi og kjarnafundi og gera markvissar fundargerðir.
- Skrá þarf verkefni sem unnin eru í undirbúningstíma.
- Stjórnendur ættu markvisst að veita starfsfólki endurgjöf varðandi frammistöðu þess.
- Gera ætti könnun á þörf starfsfólks fyrir fræðslu í samræmi við niðurstöður starfsmannakönnunar 2022.
- Endurskoða og bæta þarf skipulag vinnutímastyttingar.
- Fullvinna þarf öryggis- og rýmingaráætlun í samstarfi við Slökkvilið Ísafjarðabæjar.
- Kanna þarf ástæður fyrir ábendingum um einelti/áreiði sem fram kemur í starfsmannakönnun 2022 og gera ráðstafanir til úrbóta.
- Huga þarf að leiðum til að bæta samskipti leikskólans og sveitarfélagsins.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Eins og áður hefur komið fram er námsumhverfi leikskólans, sem er skipulagt út frá hugmyndafræði Hjallastefnunnar, rúmgott og býður upp á fjölbreytta möguleika til náms og leikja. Húsnæðið gefur góða möguleika á samskiptum milli eldri kjarna sem eru í austurhluta hússins en yngri kjarninn er aðskilinn frá þeim með eldhúsi, skrifstofu og starfsmanna aðstöðu sem dregur úr möguleikum á samskiptum. Rennihurð milli leikstofa á kjörnum gefur góða möguleika á samstarfi milli kjarna. Samkvæmt kjarnastjórum er opnað á milli leikstofa í þeim tilgangi að blanda stúlkum og drengjum saman í leik einu sinni í viku, vikulegum samveru- og söngstundum fyrir stærri hópa og fyrir fundi starfsfólks og foreldra. Á fjórum eldri kjörnunum eru tvær leikstofur en á yngsta kjarna eru tvær leikstofur og hvíldarherbergi inn af báðum. Á yngsta kjarna er gert ráð fyrir hreyfi- og gólfleikjum í báðum leikstofum með nægum efnivið sem var vel nýtt á þeim tíma sem matið fór fram. Á yngsta kjarna mátti sjá poka með efnivið sem tengist Könnunarleiknum (e. Heuristic play with objects). Starfsfólki var ekki kunnugt um að farið væri að hugmyndafræði leiksins. Könnunarleiksins er ekki getið í skólanámskrá leikskólans. Á öllum kjörnum eru leiksvæðin vel nýtt bæði til gólf- og borðleikja og unnið samkvæmt dagskipulagi þar sem barnahópnum er skipti í minni hópa fyrir og eftir hádegi bæði úti og inni.

Leik- og námsefni er nokkuð fjölbreytt og höfðar til allra aldurshópa. Lögð er áhersla á grunn efnivið sem tengist áherslum Hjallastefnunnar. Leik- og námsefni var á kjörnum í merktum hirslum sem flestar eru í hæð barnanna í lokuðum skápum. Einnig eru púðar, dýnur og teppi í innri leikstofum auk ítarefnis í skúffum. Kjarnastýrur sögðu að nóg væri til af leikefni og auðvelt að skiptast á milli kjarna. Í samtölum við starfsfólk kom fram að það var sátt við ítarefnið og sagðist sjálft safna ýmsum efnivið til dæmis tína steina í fjörunni ásamt börnunum. Aðspurðir sögðust foreldrar halda að nóg væri til af leikefni fyrir alla. Kjarnastýrur nefndu að sumt af leikefninu væri lúíð og þyrfti að yfirfara það og endurnýja. Matsaðilar geta tekið undir þörf fyrir að yfirfara og endurnýja hluta leikefnis. Kjarnastýrur nefndu að æskilegt væri að hafa einhvern ákveðinn aðila sem bæri ábyrgð á að ekki vantaði efnivið, „það vantar Freyju“ sem þær sögðu vera „hjállíska“ orðræðu. Töluvert er til af náms- og leikefni í hirslum á sameigilegum svæðum svo sem í kaffistofu starfsfólks. Þar er til dæmis nokkuð fjölbreytt úrval af spilum, leikefni til fínhreyfinga, hljóðfærum og námsgögn til málörvunar. Hillur í skápum eru merktar námsgögnum en mætti huga að því að gera efnið aðgengilegra starfsfólki með því að flokka og skipuleggja betur. Einnig er efniviður til skapandi starfs í skáp á gangi og fölbreytt leikefni til hreyfileikja í kistli á sama gangi. Í þessar hirslur sækir starfsfólk náms- og leikefni eftir þörfum. Bækur eru lítið aðgengilegar börnum og notkun þeirra ekki mikið sýnileg þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi. Í biðtímum svo sem fyrir mat eða þegar skipt var úr einu verkefni yfir í annað var börnum ekki boðið að fletta bókum. Bækur voru í misgóðu ástandi en starfsfólk benti á að stefna leikskólans væri að nota frekar almenningsbókasafnið en kaupa inn bækur.

Eins og áður hefur komið fram er útileiksvæði sæmilega stórt og ágætlega skipulagt. Af tveimur hólum hafa börnin góða yfirsýn yfir umhverfi sitt. Samkvæmt dagskipulagi eru ekki öll börn á útileiksvæðinu í einu og því gott rými til leikja fyrir þann hóp sem er úti hverju sinni. Á vettvangi mátti sjá að börnin dreifðust vel um svæðið þar sem þau njóta sín í glöðum leik og samveru. Takmörkuð tækifæri eru fyrir börnin til að hjóla á leiksvæðinu en að sögn leikskólastýru fer starfsfólk með litla hópa út fyrir leikskólalóðina þar sem börnunum gefast tækifæri til að hjóla á stóru og öruggu svæði. Allt leikefni er í læstum leikfangaskúr á lóðinni og er það undir hverjum hópstjóra komið hvað hann tekur út af leikefni hverju sinni fyrir sinn hóp. Oft tengist það verkefnum í lotum/hópastarfi sem eru samkvæmt dagskipulagi. Að loknum leik gengur hver hópstjóri ásamt sínum hópi frá leikefninu. Umhverfi leikskólans er fjölbreytt og stutt er í ósnerta náttúru, fjöll, skóg og fjöru. Þá daga sem matsaðilar voru á vettvangi var afgirt svæði yngsta kjarnans lokað vegna framkvæmda og gangstéttin fyrir framan nýtt sem leiksvæði. Starfsfólk sá til þess að leikföng væru í boði fyrir börnin.

Starfshættir

Dagskipulag leikskólans er í föstum skorðum í samræmi við áherslur Hjallastefnunnar og bera kjarnastýrur ábyrgð á að unnið sé samkvæmt því. Takmarkað frelsi er til að fara út fyrir dagskipulagið. Í rýnihópi kjarnastýra kom fram að helstu möguleikar til sveigjanleika innan rammans er val á verkefnum í hópatímum, þar geta hópstjórar ákveðið viðfangefni sem tengjast þema hversrar lotu. Á hverjum kjarna er dagskipulag sýnilegt, auk þess er þar myndrænt dagskipulag í sjónhæð barnanna og í fataherbergi eru myndir af viðeigandi fatnaði til útiveru hverju sinni. Dagurinn einkennist af vali og hópatímum fyrir og eftir hádegi þar sem unnið er að áherslum Hjallastefnunnar og er að sögn leikskólastýru lögð áhersla á að tengja þá vinnu við aðalnámskrá leikskóla. Í skólanámskrá segir að í hverjum valtíma geti börnin valið úr sex viðfangsefnum sem eru fönðurkrókur, leirkrókur, kubbakrókur, sullukrókur, leikstofa og útivera. Þar segir að á hverju svæði sé ákveðinn grunnefniviður og áhöld til að vinna að sköpun en fjölbreyttu ítarefni bætt við til að auðga sköpun og upplifun barnanna. Á vettangi mátti sjá að leikur og viðfangsefni tóku að hluta til mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Að mati matsaðila hefði í sumum tilfellum mátt huga betur að verkefnavali miðað við aldur barnanna. Jafnvægi var á milli frjálsra leikja í vali og skipulagðra hópatíma. Skipt er reglulega á milli hópa- og valtíma eins og dagskipulagið segir til um.

Kjarnastýrur sögðust ánægðar með dagskipulagið. Fyrirnefndar R-reglur lita daglegt starf í leikskólanum og í skólanámskrá er þess getið að þær séu í fyrirrúmi á öllum sviðum. Kjarnastýrur sögðu að rúttínan hefði góð áhrif á börnin. Foreldrar voru því sammála, sögðu dagskipulagið alltaf eins, að valfundir væru góðir, börnin fengju alltaf að velja sér eitthvað og sögðust finna fyrir því heima að hlutirnir væru einfaldir í leikskólanum. Í rýnihópi kjarnastýra og í viðtali við leikskólastýru kom fram að í valtímum velur barnið viðfangsefni á fyrirfram undirbúnu svæði og dvelur þar þann tíma sem valið stendur. Börnin geta óskað eftir ítarefni þegar líður á leikstundina að sögn kjarnastýra og leikskólastýru. Þegar börnin voru spurð að því sama sögðust þau spyrja kennarann um „þrjú dót“ til viðbótar í leikinn. Í rýnihóp starfsfólks kom fram að grunnefniviður væri alltaf sá sami en börnin velja ekki ítarefni. Í vali skráir starfsfólk hvað börnin velja sér í þeim tilgangi að geta fylgst með hve lengi þau væru í hverju verkefni og hversu oft þau velji það sama.

Í hópatímum er sami barnahópurinn alltaf með sama hópstjóra sem leggur fyrir hópinn fyrirfram undirbúin verkefni. Hugmyndir af verkefnum eru í gögnum Hjallastefnunnar sem er að finna á sameiginlegu svæði í tölvu og möppum í undirbúningsherbergi. Í lok hvers hópatíma skráir hópstjóri viðfangsefni dagsins á staðlað skráningarblað. Skráningarblaðið er sett upp í fataherbergi hvers kjarna, aðgengilegt foreldrum þegar börnin eru sótt. Reglulega er farið yfir hópatalningablöðin og fylgst með hvort unnið hefur verið að öllum þáttum lotunnar, ef svo er ekki þá er unnið áfram með þá þætti sem fallið hafa niður. Á fundum kjarnastýra er samantekt og umræður um árangur, hvernig gekk, hvað má betur fara og um áframhaldandi vinnu.

Á öllum kjörnum eru mottur sem afmarka gólfleiki og eru hillur og skápar nýttir til að skerma af leiksvæði og skapa næði. Á kjörnum er hvert leiksvæði merkt með mynd og lituðu límbandi og setjast börnin á viðkomandi svæði þegar þau hafa lokið vali. Flest börn höfðu tileinkað sér þá reglu að setjast við það leiksvæði sem þau höfðu valið sér. Sjá má að meirihluti barnanna unni við verkefni sem þeim er úthlutað en mismunandi er eftir kjörnum og aldri barnanna hvernig leikurinn gengur og þróast og hvernig starfsfólki tekst að leiðbeina, hvetja og ýta undir leik og viðfangsefni barnanna í skipulögðum leikjum og valtímum.

Í samskiptum við börnin sinnir flest starfsfólk börnunum af áhuga og sýnir þeim umhyggju og þolinmæði. Á yngsta kjarna sást starfsfólk taka þátt og hvetja börnin í leik sínum, á gólfi og við borð. Meirihluti starfsfólks á öllum kjörnum notar virka hlustun í samskiptum sínum við börnin, sýnir ábyrgð og frumkvæði, sérstaklega í hópatímum. Mismunandi er hvort og hvernig starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta og tækifærin sem gefast til að kveikja áhuga barnanna.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá kemur fram að samkvæmt Hjallastefnunni skapast lýðræði í dagskipulagi með því að skipta börnunum í litla hóp. Tilgangurinn er að tryggja að hvert barn fái notið sín og geti haft áhrif á hópinn og hópastarfið. Eins og áður hefur komið fram hjá starfsfólki og kjarnastýrum er dagskiplag leikskólans í föstum skorðum og ekki gert ráð fyrir að starfsfólk og börn hafi áhrif á það. Lýðræðisleg þátttaka barna var ekki mikið sýnileg þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi. Helst mátti sjá það í val tímum þar sem börnin völdu sér valsvæði. Þau gátu ekki haft áhrif á hvaða leikefni þau völdu þar sem viðfangsefnin eru ávalt þau sömu. Börnin gátu óskað eftir ítarefni í leikinn eftir ákveðinn tíma sem takmarkast við eitthvað þrennt eins og áður hefur komið fram í rýnihóp barna. Í rýnihópum starfsfólks komu fram mismunandi upplýsingar um aðgengi að ítarefni. Annars vegar að börnin gætu farið og sótt leikefnið sjálf, hins vegar að starfsfólk sækti ítarefnið. Þegar börnin voru spurð hvort þau mættu skipta um valsvæði var svarið að þau mættu ekki skipta nema ef barn væri eitt á sínu svæði, þá mætti skipta og fara í annan hóp. Þau sögðust fá að velja „hvar við leikum“ en mega ekki skipta um leik eða eins og þau sögðu „það á ekki að skipta“. Aðspurð um hvort þau taki þátt í að búa til reglur sögðu börnin svo ekki vera en nefndu að það mætti hlaupa úti en ekki inni. Þau voru viss hvað þau ættu að gera ef þau ruglast og sögðu, „ef við ruglumst þá förum við á mottuna.“ Matsaðilum var ekki ljóst hvort börnin beri sig sjálf eftir því að fá að skipta eða hvort starfsfólk bíður þeim að skipta. Að sögn starfsfólks eiga börnin að standa við það sem þau velja þar til valinu er lokið. Á vettvangi mátti sjá að í val tímum var mismunandi hve fjölbreytt ítarefni var í boði. Áhugi barnanna á þeim efnivið sem boðið var upp á var mismunandi mikill.

Í umræðum um lýðræðislega þátttöku barna sögðu kjarnastýrir að þau hafi áhrif í vali og tóku dæmi um að eldri börnin velji þrisvar og yngri tvisvar á dag. Þær sögðu frá fjölbreyttum samverustundum, þar sem sagðar væru sögur, börnin kæmu með bækur að heiman, það væri lesið, farið í leiki, börnin fái að tjá sig og gerðar væru kjarkæfingar, að öðru leyti væri allt í föstum skorðum, „hvað á að taka fyrir og hvaða orð á að nota.“ Matsaðilar urðu aðeins að litlu leyti vitni að vinnu með þessi verkefni. Í skólanámskrá segir frá reglulegum lýðræðisfundum þar sem börnin fái tækifæri til að æfa lýðræðislega virkni, ákveða verkefni í hópatímum og hafi áhrif á matseðil vikunnar. Matsaðilar urðu ekki vitni að þessum lýðræðisfundum. Að sögn leikskólastýru taka börnin ekki þátt í að gera matseðil þó það sé tekið fram í skólanámskrá. Þegar börnin voru spurð um þátttöku sína í daglegu starfi sögðu þau kennarara ráða og þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi var þátttaka þeirra í daglegum athöfnum takmörkuð. Þau höfðu ekki hlutverk í matmálstímum eins og að undirbúa matmálstíma, sækja matinn eða leggja á borð. Börnin í rýnihóp sögðust ekki skammta sér sjálf „nema sósuna.“ Á vettvangi mátti sjá að á tveimur eldri kjörnunum gengu þau frá mataráhöldum á vagninn. Mismunandi var hversu mikið börnin voru hvött til sjálfshjálpar í fataherbergi en þeim var gefinn góður tími til að athafna sig. Samskipti starfsfólks við börnin voru yfirleitt jákvæð og hvetjandi.

Námssvið

Í skólanámskrá segir að aðalnámskrá leikskóla 2011 sé samþætt leikskólastarfinu. Starfsfólki og börnum gefist tækifæri til þess að vinna með námssvið aðalnámskrár ýmist í frjálsum leik, í val tímum eða með markvissum og skipulögðum hætti í hópatímum. Námssvið aðalnámskrár leikskóla mátti sjá endurspeglast að nokkru leyti í vali- og hópatímum á öllum kjörnum í samræmi við skólanámskrá leikskólans og dagskipulags Hjallastefnunnar.

Samkvæmt skólanámskrá er unnið með læsi þar sem lögð áhersla á málnotkun, málskilning og tjáningu í daglegu starfi og börnum kennt að orða vilja sinn á jákvæðan og opinn hátt. Á vettvangi mátti sá að námsumhverfið styður að hluta til við máltöku og málproska barna. Merkjanlegast er það í hópatímum þegar unnið er að verkefnum tengdum mál og málnotkun. Í starfsáætlun leikskólans eru talin upp verkefni sem styðja við málproska barna: þróunarverkefnið *Snemmtæk ihlutun með áherslu á málproska og læsi leikskólabarna*, *Læsis- og stærðfræðiáætlun Eyrarskjóls*, *Lærum og leikum með hljóðin*, *Tölum saman*, *Orðagull* og *Lubbi finnur málbein*. Ekkert af þessum gögnum er að finna á heimasíðu leikskólans en námsgögn tengd málörvun og málnotkun eru í skáp á kaffistofu og á vettvangi mátti

sjá að unnið er með hluta þessara verkefna í hópátímum. Ritmál, tölustafir og tákn eru að litlu leyti sýnileg á nokkrum stöðum á kjörnum til dæmis myndir á gólfum og texti sem tengist valsvæðunum í anda Hjallastefnunnar. Vinna með verkefnið *Lubbi finnur* málbein er lítið sýnilegt á kjörnum, helst er það í hópastarfi. Unnið er með einn bókstaf á viku og að því loknu eru þeir festir ofarlega á vegg hvers kjarna, fyrir ofan sjónhæð barna. Brúðan Lubbi er sýnileg á einum kjarna og veggspjald með máhljóðum tengt Lubba verkefninu á öðrum kjarna. Skólastýrur sögðu að Lubba verkefnið væri á áætlun en þeim væri kunnugt um að einhver misbrestur væri á að því væri fylgt nægilega markvisst eftir. Í símenntunaráætlun leikskólans má sjá að starfsfólki hefur verið boðið upp á námskeið um Lubba. Myndir og nöfn barna eru á hólum í fataherbergjum einnig heiti hvers kjarna ásamt myndum og nöfnum starfsfólks. Táknmál er sýnilegt og helstu tákn voru í hæð barna. Leikefni í skúffum og hillum eru merkt viðeigandi leikefni. Eins og áður hefur komið fram voru bækur í lokuðum skápum á öllum kjörnum, lítt aðgengilegar börnunum og þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi voru bækur ekki áberandi námsgagn í daglegu starfi.

Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan í leikskólanum. Samkvæmt skólanámskrá og í skólastefnu Ísa-fjarðarbæjar er mikilvægt að leggja grunn að heilsusamlegum lífsstíl og mikilvægi hollrar næringar. Allur matur er eldaður í leikskólanum og lögð áhersla á gæði hans og samsetningu, svo sem hlut trefja og grænmetis og einnig magni aukaefta og fitu. Hver barnahópur matast á sínum kjarna, á báðum leikstofum og hvert barn á fast sæti við borð. Matmálistímum ef gefin góður tími, starfsfólk situr til borðs með hverjum barnahóp og aðstoðar eftir þörfum. Börnunum finnst maturinn góður og sögðu „fiskur með bleikri sósu er bestur, líka hvítur fiskur, pizza og harðfiskur.“ Í nónhressingu er flæði þar sem börnin fara úr leiknum nokkur í einu og fá sér hressingu. Starfsfólk mætir börnum með þolinmæði og matsaðilar urðu vitni af jákvæðum og leiðbeinandi samtölum starfsfólks við börnin í matmálistímum.

Hreyfing er grundvallaratriði í Hjallastefnunni samkvæmt skólanámskrá. Í skólanum er börnum tryggð reglubundin hreyfing inni og úti. Hver hópur fer út daglega með hópstjóra í þeim tilgangi að vinna að ákveðnum verkefnum, í íþróttir, frjálsa leiki eða í gönguferðir. Á vettvangi mátti sjá minni hópa fara út með hópstjóra í þessi verkefni. Matsaðilar urðu vitni að leik í sandkassa þar sem börnin nutu sín með *alvöru* eldhúsáhöld og áhugi og leikgleði þeirra leyndi sér ekki. Hreyfileikir inni eru í hópátímum og starfsfólk sækir leiktæki til viðbótar því sem fyrir er á kjörnum í þeim tilgangi að auka fjölbreytni. Umhverfi leikskólans býður upp vettvangsferðir og náttúruskoðun. Samkvæmt kjarnastýrum nýtir starfsfólk nánasta umhverfi til þekkingarleitar. Til dæmis er farið í styttri gönguferðir kringum leikskólann, í fjöruna, skóginn eða fjallið til að safna efnivið fyrir skapandi starf. Auk þess er farið á íþróttasvæðið, hoppað á Ærslabelgnum, gengið upp að varnargarðinum, í *Gróanda* sem er ræktunarsvæði fyrir bæjarbúa, í *Jónsgarð* sem er skrudgarður, bæjarrölt og í kirkjugarðinn þar sem börnin velja fyrir sér stærstu legsteininum og hvaða höfðingjar (ofurhetjur og kóngar) liggja þar. Svæðin eru öll í göngufæri frá leikskólanum. Ekki sé lengur um markvisst útinám að ræða en það hafi verið áður, á meðan elstu börnin (fimm ára) voru í Eyrarskjóli. Að mati matsaðila er aldur barna í leikskólanum ekki hindrun í að taka upp markvisst útinám þar sem einfalt er að skipuleggja útinám út frá aldri og hæfni barna, eins og kemur fram í gögnum leikskólans.

Í skólanámskrá segir að hvatt sé til sköpunar, samvinnu og samleiks með einfaldan efnivið sem er í boði dag hvern. Áhersla í skapandi starfi sé upplifunin við sköpunina, að njóta augnabliksins þegar hugmyndin verður til en minni áhersla er lögð á afraksturinn. Á vettvangi mátti sjá að daglega er gert ráð fyrir skapandi starfi en aðgengi barna að fjölbreyttum efnivið takmarkast við þau verkefni sem starfsfólk velur hverju sinni sem er í samræmi við áherslur Hjallastefnunnar. Skapandi starf er í val- og hópátímum úti og inni. Þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi voru börnin meðal annars að vinna úr efnivið eins og steinum og laufblöðum sem þau höfðu tínt í vettvangsferðum sínum, klippa, líma og teikna. Að hluta til eru verkefni barnanna sjálfsprottin en sjá má að hugmyndir starfsfólks ráða oftar verkefnavalínu. Minna er hugað að því að börnin fái að skapa að eigin frumkvæði, velja sér efnivið og fá þann tíma sem þeim hentar.

Sjálfbærni er lykilhugtak í Hjallastefnunni og þjálfari eigi börnin í sjálfbærni og vísindalegri hugsun. Í skólanámskrá kemur fram að börnum er kennd nægjusemi, að leita lausna og finna nýja möguleika í þeim efniviði sem þeim stendur til boða. Dæmi um vinnu með vísindi má sjá í ferðum barna, þar eru þau að kynna umhverfinu og sækja efnivið í náttúruna. Á vettvangi sáu matsaðilar nokkur dæmi um vinnu með sjálfbærni og vísindi. Áhersla er á undirstöðuþekkingu í stærðfræði í skólanámskrá og á öllum kjörnum eru Numcon kubbar, kennslufni eins og spil, tölustafir og form í hópa- og val tímum sem börnin sýndu áhuga. Nokkrir *Einingakubbar (Unid blocks)* eru á tveimur elstu kjörnum en samkvæmt kjarnastýrum er ekki unnið markviss með hugmyndafræði þeirra. Búið er að fjarlægja hluta kubbanna þar sem þeir voru orðnir slitnir og hættulegir börnunum. Börnin léku sér í val tímum með *Einingakubbana* án íhlutunar starfsfólks. *Holukubbar (Hollow blocks)* voru ekki sýnilegir á vettvangi en þeirra er getið í skólanámskrá. Boðið er upp á vatnsleiki/sull á hverjum degi og notuð til þess ílát í ýmsum stærðum og gerðum. Samkvæmt starfsáætlun á að flokka sorp sem til fellur og leggja áherslu á að draga úr notkun plastpoka. Einnig að nýta það sem til fellur af opnum efniviði. Viðeigandi flokkunarfötur eru á öllum kjörnum og þangað geta börnin sótt sér pappír til að teikna og klippa. Börnin kunna greinilega að nýta það sem til fellur af pappír. Í skólanámskrá er áhersla lögð á söng og tónlist. Þar er talað um að daglegur söngur sé aðalsmerki tónlistariðkunar Hjallastefnuskóla. Matsaðilar urðu vitni að söngstundum á nokkrum kjörnum þegar sungið var með börnunum í hópatímum og samveru en lagaval féll ekki alltaf að aldri barnanna. Matsaðilar urðu ekki varir við að starfsfólk nýtti sönginn í daglegum athöfnum eins og til dæmis við undirbúning matmálstíma eða í fataherbergi til að stytta biðtímann og auka ánægju og gleði barnanna. Í hópatíma á einum kjarna var boðið upp á hljóðfæri sem börnin nutu að gera tilraunir með. Áhöldum eins og myndvarpa, stækkunarglerja og smásjár er ekki getið í skólanámskrá og eru ekki sýnileg eða aðgengileg börnum þann tíma sem matsaðilar voru á vettvangi. Hlutverkaleikur fer fram daglega í val- og hópatímum. Búnaðurinn er í skúffum á kjörnum og er meðal annars dýr, teppi, kubbar, dýnur og fatnaður.

Velferð og líðan barna

Almennt einkenndist andrúmloftið í leikskólanum af umhyggju og þolinmæði gagnvart börnunum. Starfsfólk er oftast til staðar fyrir börnin, hópstjórar fylgja sínum barnahóp og veita aðstoð í daglegum athöfnum. Flest starfsfólk sýnir börnunum áhuga og reynir að vera leiðbeinandi og hvetjandi í leik og hópastarfi. Leikskólastýra sagði starfsfólk hugsa vel um börnin, vera gott við þau og þeim líði vel. Almennt eru samskipti milli barna góð og ríkir vinátta í barnahópnum. Undantekning er einn kjarni þar sem samsetning barnahópsins er flókinn og aðstæður krefjandi fyrir börn og starfsfólk. Kjarnastýrir benda á að í 5. lotu um vináttuna sé lögð áhersla á félagsskap, umhyggju, nálægð og kærleika og hvað það þýðir að vera vinir og að í því felist forvarnir. Aðspurð um hvernig þeim líði í leikskólanum sögðu börnin að þar væri „gaman að föndra, leika með prikið, fara út og leika úti, leika í flugvél, leika í kubbunum og fara í gönguferðir“. „Allir væru vinir en vont þegar ... klípur.“ Aðspurð svörðu börnin „að kennararnir væru ekki að leika við þau“. Foreldrar í rýnihópi sögðu andrúmloftið vera létt og gott, samskipti starfsfólks við börnin góð og viðmót og viðhorf til þeirra vinsamlegt. Vel sé tekið á móti börnunum, þeim finnst gaman að fara í leikskólann og tala um félagana og kennarana heima fyrir. Unnið er vel með einstaklinginn og hagsmunir barnsins teknir fram yfir annað, „hver og einn fær að njóta sín eins og hann er“.

Mat á námi og velferð barna

Við mat á námi og velferð barna eru notuð viðurkennd matstæki. *Orðaskil málþroskaskimun* fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til þriggja ára. *Tras skráningarlistinn* (Tíðlig registrering av språkuþróning) sem er skráningartæki, notað til þess að skrá og fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna. *Mio* er skimun í stærðfræði fyrir leikskólabörn. *EFI-2 málþroskaskimun* fyrir börn á fjórða ári. Íslenski þroskalistinn sem ætlað er að meta þroska þriggja til sex ára barna eftir upplýsingum frá mæðrum þeirra. *AEPS-matskerfið* (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) sem nýttist við gerð á einstaklingsnámskrá og *Smábarnalistinn* sem er ætlað að meta mál- og hreyfiþroska 15 til 38 mánaða barna. Á heimasíðu leikskólans eru upplýsingar um matstæki og ýmis eyðublöð sem

tengjast sérkennslu. Upplýsingar um matstækin sem leikskólinn styðst við er ekki að finna í skólanámskrá. Ekki er til áætlun um mat á námi og framförum barna.

Uppeldislegar skráningar á námi og framförum barna fara fram sem skráningar í val- og hópatímum og má finna eyðublöð fyrir þá skráningu á heimasíðu leikskólans. Kjarnastýrur segja að nokkuð vel sé fylgst með hverju barni og á hverjum degi er skáð hvað þau velja, framfarir metnar og niðurstöður kynntar í foreldraviðtölum. Gert er ráð fyrir að niðurstöður úr skráningarblöðunum séu teknar saman á kjarnafundum en á því sé nokkur misbrestur. Kjarnastýrur bera ábyrgð á að safna saman matsgögnum og í dag er þeim komið til leikskólastýru sem vinnur úr þeim. Ætlunin sé að kjarnastýrur sjái um að vinna úr gögnum en það hafi ekki alltaf gengið eftir. Að sögn leikskólastýru hafa samráðsfundir fallið niður undanfarið, ástandið hafi verið óeðlilegt síðastliðin þrjú ár og orsakast meðal annars af Covid 19 og viðbyggingu við leikskólann. Eins og áður hefur komið fram er starfhópurinn að hluta til ungur og óreyndur auk þess sem fátt starfsfólk er með leikskólakennaramenntun. Aðeins aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýra hefur réttindi til að taka próf eins og til dæmis *Orðaskil* og *Tras*. Börnin setja sér ekki markmið með námi sínu eða meta framfarir sínar.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans sem er skipulagt út frá hugmyndafræði Hjallastefnunnar er vel nýtt til náms og leikja.
- Starfsfólk er ánægt með fast skipulag starfsins og einfaldan efnivið.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með hollri næringu og hreyfingu úti og inni.
- Svæði utan leikskólans bjóða upp á fjölbreytta möguleika til útináms.
- Skipulega er unnið að skráningum á námi barna í val- og hópatímum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að yfirfara, skipuleggja og endurnýja leikefni.
- Meta ætti hvort börnin fái nægan samfelldan tíma til frjálsra leikja, skoða möguleika á þátttöku barna í matmálistímum og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á matseðil.
- Gera ætti vinnu með málproskaverkefnið *Lubbi finnur* málbein markvissara og sýnilegra foreldrum.
- Æskilegt að auka aðgengi barna að bókum og vinna með þær við fleiri tækifæri en í sögustundum.
- Bæta og samræma ritmál, tölur og tákna á veggjum kjarna og hafa í sjónhæð barna.
- Huga ætti að því að kynna hugmyndafræði Einingakubbanna fyrir starfsfólki í þeim tilgangi að vinna samkvæmt skólanámskrá leikskólans.
- Leggja mætti auka áherslu á skapandi starf, gera efnivið aðgengilegri börnum, styrkja frumkvæði þeirra og sköpunargleði, huga betur að ferlinu frekar en afurðunum og gera vinnu barnanna sýnilegri foreldrum.
- Huga ætti betur að vali á verkefnum og tónlist út frá aldri barna.
- Skoða ætti leiðir til að vinna betur með útinám allra barna og gera þann þátt sýnilegri í gögnum leikskólans.
- Skoða ætti fjölþættari vinnu, búnað og tæki við rannsóknir og vísindi og gera búnað aðgengilegan börnum.

- Auka ætti tækifæri barna til að koma að ákvarðanatöku og vali á viðfangsefnum skipulagðra stunda.
- Gefa börnum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið og skoða möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna sinna.
- Listi yfir matstæki fyrir mat á námi- og framförum barna skal birta skólanámskrá.
- Samræma þarf uppeldisstarf á kjörnum við það sem fram kemur í skólanámskrá.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Í upphafi leikskólavistar fá foreldrar sent bréf um aðlögun barnsins. Á kynningarfundum að vori fá þeir bækling um stefnu og áherslur leikskólans. Hægt er að óska eftir einstaklingsviðtali ef það hentar foreldrum betur. Í þátttökuaðlögun fá foreldrar tækifæri til kynna leikskólafarfinu nánar. Í skólanámskrá er fjallað um áherslur í foreldrasamstarfi. Á heimasíðu er krækja þar sem hægt er að velja þrjú tungumál auk íslensku. Almennir foreldrar í rýnihóp ánægðir með samstarf og samskipti sín við starfsfólk og segja samskipti starfsfólks við börnin sérlega góð. Samkvæmt niðurstöðum úr foreldrakönnun Skólapólans frá mars 2022 er rúmlega 80-100% ánægja með leikskólann. Í sömu könnun kemur fram 80-100% ánægja með líðan barna og tengsl foreldra við starfsfólk. Einnig er mikil ánægja með vinnubrögð leikskólans og félagsleg samskipti barna. Ánægja er með heimasíðu leikskólans og þegar skoðaðar eru niðurstöður um upplýsingamiðlun eru rúmlega 80% foreldra ánægðir. Fram kemur í samantekt á könnuninni frá leikskólastýru að bæta þurfi þætti sem varða almennar upplýsingar til foreldra, upplýsingar um barnið, þátttöku foreldra í leikskólafarfinu sem er rétt undir 80%, aðlögun barna og aðlögun milli kjarna.

Foreldrar í rýnihópi segja auðvelt að eiga samtalið við leikskólastýru og hún sé sýnileg í leikskólanum. Þeir fá vikulega tölvupósta frá hópstjórum. Ánægja er með Karellen og segjast foreldrar fá mikið af upplýsingum um barnið og daglegt starf auk þess að þar eru settar inn myndir. Fram kemur í rýnihópnum að mismunandi er eftir starfsfólki hversu góðar daglegar upplýsingar þeir fá um börnin. Nokkrar ábendingar koma fram í rýnihópnum um það sem mætti bæta, til dæmis vildu nokkrir fá fleiri foreldrafundi á ári, flestir vildu fá oftar fréttir af starfinu, til dæmis mánaðarlega. Foreldrar benda á að upplýsingar á töflu í fataherbergjum séu mismunandi gagnlegar. Einnig að ábendingum sé mismunandi tekið, það færi eftir alvarleika málsins. Nefndu dæmi um tilvik þar sem þeir þurftu að spyrja um hvað komið hefði fyrir barnið í leikskólanum. Þegar spurt er hvort þeir nýti sér heimasíðuna, segjast þeir helst opna hana þegar þarf að skoða dagatalið og matseðil.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og sögðu foreldrar í rýnihóp að erfiðlega hefði gengið að fá fulltrúa í ráðið síðastliðið haust. Í viðtali sagði leikskólastýra að almennt sé kosið í foreldraráð á foreldrafundi í september og ef það gangi ekki þá sé handvalið. Þrjú foreldrar eru í foreldraráði en einn þeirra situr einnig í stjórn foreldrafélagsins. Á heimasíðu leikskólans er hlekkur merktur foreldraráði. Upplýsingar um fulltrúa foreldrafélags, reglur, hlutverk þess og verkefni eru á heimasíðu leikskólans. Ekki hefur starfsáætlun þess og fundargerðir verið settar inn á heimasíðu. Samkvæmt fulltrúa foreldraráðs er ekki fundað reglulega, fundir ekki boðaðir með dagskrá eða fundargerðir skrifaðar. Foreldraráð hefur ekki fengið starfsáætlanir leikskólans til yfirlstrar og helsta verkefnið hefur verið að fara yfir skólalagatalið. Leikskólastýra sagðist bera fullt traust til foreldraráðsins en hefur ekki setið fundi þess né sent því starfsáætlun til yfirlstrar. Nýjum fulltrúa ráðsins var ekki ljóst hver væri tengiliður leikskólans við foreldraráð en telur það vera leikskólastýru. Foreldrar í rýnihóp vita ekki hverjir eiga sæti í foreldraráði og leita því ekki til þess.

Foreldrafélag er við leikskólann og eru upplýsingar um það á heimasíðu. Þar má sjá lög foreldrafélagsins, upplýsingar um gjöld og fésbókarsíðu. Í rýnihóp kemur fram að stjórn félagsins fundi eftir þörfum. Foreldrar hafa val um að taka þátt í starfsemi félagsins og greiða félagsgjöld en á heimasíðu má sjá að hvatt er til þess. Hlutverk foreldrafélagsins er að styrkja leikskólann á ýmsan hátt. Meðal verkefna þess er sveitaferð fyrir elstu börnin, kaupa leiksyningu, leggja ýmislegt af mörkum í kringum jólin eins og að kaupa jólatré og styrkja kaffhúsaferð fyrir börnin. Félagið hefur styrkt leikskólann við kaup á ákveðnum hlutum að ósk starfsfólks eða eftir óskum frá foreldrum. Foreldrafélagið hefur keypt veitingar fyrir starfsfólk á starfsdögum. Foreldrar í rýnihóp segjast vera virkir samstarfsaðilar leikskólans. Sem dæmi nefna þeir samskipti við sveitarfélagið vegna viðbyggingar við leikskólann. Þeir nefna líka leikskólalóðina og í því tilviki hafi stjórn foreldrafélagsins haft samband við Hjallastefnuna. Að mati matsaðila eru síðastnefnd málefni þess eðlis að þau ættu að vera á borði foreldraráðs.

Viðhorf foreldra

Eins og áður hefur komið fram er samkvæmt rýnihópaviðtali og niðurstöðum úr foreldrakönnun Skólupólusins frá mars 2022 almenn ánægja með starf leikskólans, áherslur hans, samskipti og líðan barna. Foreldrar í rýnihóp þekkja einkunnarorð leikskólans og helstu áherslur Hjallastefnunnar. Nefna sem dæmi aga, virðingu og væntumþykju og telja jákvætt hvað stefnan hefur skýran ramma. Foreldrar segjast ekki hafa verið spurðir í könnunum um álit sitt á stefnunni. Lítið sjónrænt áreiti telja þeir jákvætt, faglegu starfi vel fylgt eftir, „kostur hvað það væri rólegt“, unnið með einstaklinginn á hans forsendum og samskipti við börnin góð. Ábendingar frá foreldrum um það sem mætti bæta voru að tveir hurðarhúnar sem væru á öllum hurðum gerðu þeim erfitt fyrir að opna. Skiptiaðstaða á kjörnum sem var slæm en hafi skánað. Útivera mætti vera oftari í boði og æskilegt væri að fara fleiri ferðir út fyrir leikskólalóðina. Einnig tala þeir um að skoða ætti samvinnu milli leikskólanna Eyrarskjóls og Sólborgar um útinám í líkingu við útinám elstu barnanna á Tanga sem eru með aðstöðu í Tónlistarskóla Ísafjarðarbæjar. Æskilegt væri að samræma aðferðir við útinám milli Eyrarskjóls og Tanga svo að viðbrigðin séu ekki eins mikil fyrir börnin. Í rýnihóp foreldra komu fram óskir um að fá upplýsingar um hvað börnin væru að vinna í skapandi starfi og að það mætti vera sýnilegra.

Foreldrar segja starfsandann að flestu leyti góðan, þeim sé vel tekið ef þeir koma með spurningar eða athugasemdir. Andrúmlöft sé afslappað og viðmót gott og jákvætt. Foreldrar eru velkomnir í leikskólann, leikskólastýran dugleg að fá þá til að taka þátt í viðburðum. Vel er mætt á viðburði svo sem foreldrakaffi og laufabrauðsgerð fyrir jólin. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, snemma að hausti og seinni hluta vetrar. Foreldrum finnst skorta á gagnkvæmt samstarf þegar kemur að mati á þroska og framförum barna og vilja vera virkari þátttakendur. Í foreldraviðtölum séu þeir frekar hlustendur en þátttakendur, ekki gert ráð fyrir þeirra þekkingu og sýn. Þeir vilja fá upplýsingar um barnið fyrr, finnst seint að fá þær seinni hluta vetrar. Ef foreldrar vilja auka foreldraviðtal þarf að panta það og fylgja því eftir en ekki skorti á svör ef þeir hafi frumkvæði að því að spyrja. Í rýnihópnum kom fram umræða um að reyndu starfsfólki í leikskólanum hefði fækkað og nokkuð væri um veikindi og uppsagnir starfsfólks.

Samstarf við grunnskóla

Ekkert formlegt samstarf er við Grunnskólann á Ísafirði þar sem elsti árgangurinn, fimm ára börnin eru ásamt fimm ára börnum leikskólans Sólborgar saman á leikskóladeildinni Tanga.

Annað samstarf

Að sögn starfsfólks er þátttaka í samfélagsverkefnum lítil núna, áður fyrr hafi ýmislegt verið gert en ekki lengur, ekki síðan elsti barnahópurinn fór yfir á Tanga. Formlegt samstarf er við bókasafnið og er farið þangað reglulega, aðstaðan þar er góð, bækur eru ýmist fengnar að láni eða þeim flett á safninu. Á vorin bíður Tónlistaskóli Ísafjarðar leikskólanum í heimsókn. Að öðru leyti er ekki mikið um formlegt samstarf við stofnanir og fyrirtæki í Ísafjarðarbæ að sögn kjarnastýra. Áður var farið í heimsókn á hjúkrunarheimilið Eyri en það er ekki fastur liður lengur. Samstarf er við jógakennara í bænum sem kemur í leikskólann fyrir og eftir áramót. Tveir elstu barnahóparnir þriggja til fimm ára fara þá í jóga einu sinni í viku og tekur starfsfólk þátt í jógatímum, aðstoðar börnin og leiðbeinir þeim. Námskeiðið var ekki hafið þegar matsaðilar voru á vettvangi.

Styrkleikar

- Vel er staðið að móttöku barna og foreldra og kynningarbæklingur er afhentur við upphaf leikskólagöngu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um starf leikskólans, samskipti, líðan barna sinna og upplýsingar á Karellen.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann og upplýsingar um fulltrúa eru á heimasíðu.

- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styrkir hann á margvíslegan hátt, upplýsingar eru á heimasíðu.
- Á heimasíðu eru upplýsingar um leikskólann á þrem tungumálum, ensku, pólsku og spænsku auk íslensku.
- Reglulegt samstarf er við bókasafnið sem börn og starfsfólk nýtir sér og samstarf er við jógakennara sem er með jógakennslu hluta út vetri.

Tækifæri til umbóta

- Skoða ætti ábendingar foreldra er varða upplýsingar á Karellen og upplýsingatöflu og samræmi milli kjarna.
- Taka ætti til athugunar niðurstöður foreldrakönnunar og umræður í rýnihóp um það sem má bæta og leita leiða til úrbóta.
- Tryggja að foreldrar komi að mati á þroska og framförum barna sinna.
- Tryggja aukna útiveru og samvinnu um útinám við leikskólann Sólborg.
- Bæta daglegar upplýsingar til foreldra um börnin í skapandi starfi og leik.
- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun, boða fundi með dagskrá, skrá fundargerðir og birta á heimasíðu.
- Æskilegt væri að foreldraráð boðaði leikskólastýru á fundi foreldraráðs.
- Starfsáætlun á að vera yfirlésin og samþykkt af foreldraráði árlega.
- Leita leiða til að koma á formlegu samstarfi við grenndarsamfélagið og gera á þann hátt leikskólann sýnilegri í samfélaginu.

Skóli án aðgreiningar

Skólabjónusta og sérkennsla

Í leikskólanum starfar sérkennslustýra í 50% starfi sem hefur ábyrgð og umsjón með allri sérkennslu og stjórnar verkefnum íslenskukennara, þroskaþjálfara og starfsfólks sem sinnir stuðningi. Íslenskukennari sér um íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku, sem hún tekur í tíma tvisvar til þrisvar í viku en auk þess sér hún um málörvun barna sem eiga sér íslensku að móðurmáli. Náð samstarf er milli hennar og sérkennslustýru sem er mjög ánægð með vinnu íslenskukennarans og árangur af vinnu hennar sé sýnilegur. Þroskaþjálfari kemur að þjálfun barna með skilgreindan stuðning, hann kemur einnig að þjálfun barna sem eru í greiningarferli og sinnir snemmtækri íhlutun. Í ár er viðurkenndur stuðningu vegna tveggja barna með þroskafrávik á sama kjarna og þar starfa saman þroskaþjálfari í 80% stuðningi og starfsfólk í um 20% stuðningi. Að sögn stjórnenda er þörf á auknum stuðningi vegna barns sem bíður eftir niðurstöðum úr greiningu.

Í kafla um sérkennslu í skólanámskrá er meðal annars fjallað um að Hjallastefnan leiti allra leiða í skipulagi sínu og starfsháttum til að hafa fjölbreytt verkefni og valkosti og mæta hverju barni þar sem það er statt. Samkvæmt sérkennslustýru er unnið eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um þroskafrávik og reynt að bregðast strax við. Hópstjórar, sem hafa áhyggjur af einstaka barni, fylla út heimagerð eyðublað, *Beiðni um aðstoð sérkennslustýru*. Sérkennslustýra hefur samband við foreldra og leggur fyrir barnið viðeigandi lista. Ef með þarf er foreldrum bent á að hafa samband við sérfræðinga svo hægt sé að hefja íhlutun sem fyrst. Í starfslýsingu kjarnastýra Hjallastefnunnar er það þeirra hlutverk að funda með foreldrum en sérkennslustýra segist gera það ef þær treysta sér ekki. Hún segist reyna að hvetja kjarnastýrur til að vera vakandi yfir frávikum og taka viðtölin við foreldra. Ferill um snemmtæka íhlutun er ekki skriflegur.

Myndað er teymi um börn með sérþarfir sem stýrt er af sérkennslustýru og gerir hún einnig einstaklingsáætlanir í samvinnu við sérfræðinga, foreldra og stuðningsaðila viðkomandi barns. Að sögn kjarnastýra taka þær þátt í gerð einstaklingsnámskrár. Á heimasíðu leikskólans er að finna eyðublað um *Einstaklingsnámskrá vegna sérkennslu*. Sérkennslustýra segir að yfirleitt séu foreldrar með í gerð einstaklingsnámskrár en á því geti verið undantekningar sem fari eftir því hvað verið er að vinna með hverju sinni. Einnig komi fyrir að gerðar séu einstaklingsnámskrár þó ekki liggi fyrir greining og á þann hátt reynt að veita barni stuðning sem fyrst. Misjafnlega gengur hjá starfsfólki að vinna eftir einstaklingsnámskrám en sérkennslustýra segir það fara batnandi, hún fari inn á kjarna með námskrána og miðli þekkingu til starfsfólks. Í flestum tilfellum sér sérkennslustýra um skráningar þar sem hún ein hefur réttindi til að gera þessar skráningar með viðurkenndum matstækjum en hún er jafnframt að hvetja og leiðbeina kjarnastýrum við þessar skráningar.

Samkvæmt leikskólastýrum er lögð áhersla á að stuðningur við barnið fari sem mest fram í barnahópnunum en ef með þarf fer fram einstaklingsþjálfun. Kjarnastýrur taka undir það, stuðningurinn fari alltaf fram inni á kjarna og það eigi einnig við um sérverkefni, áhersla sé á að barnið fylgi jafnöldrum sínum. Ef þarf að vinna með barnið einstaklingslega er aðstaða til þess en jafnframt bent á að herbergi sem notað er til sérkennslu sé lítið, þröngt, glugga- og loftlaust og taka matsaðilar undir það. Kjarnastýrur segjast eiga gott samstarf við íslenskukennarann, þær geti alltaf leitað til hans og óskað eftir aðstoð. Sérkennslustýra segist leiðbeina starfsfólki varðandi þroskafrávik barna, benda á aðferðir og kenna þeim að lesa í aðstæður. Stjórnendur sjá til þess að starfsfólk fái fræðslu og sem dæmi hafa þau fengið fræðslu um ADHD, einhverfu, Downs-heilkenni og Tákn með tali. Starfsfólk segir sérkennslustjóra og þroskaþjálfara miðla upplýsingum um börnin og þau hafi fengið fræðslu um einhverfu og myndrænt skipulag. Í símenntunaráætlun leikskólans má sjá auk ADHD námskeiðsins, námskeiðið *Lubbi finnur málbein*, barnavernd, fjölmenningu og tvítyngi.

Samstarf við talmeinafræðing og sálfræðinga er gott að mati sérkennslustýru. Talmeinafræðingurinn kemur einu sinni í mánuði til Ísafjarðar. Hann leiðbeinir starfsfólki leikskólans sem sinnir stuðningi og skilur eftir áætlun sem unnið er eftir þar til hann kemur næst. Íslenskukennarinn situr alla fundi með talkennara og leiðbeinir starfsfólki í vinnu með málþroska barna. Tveir sálfræðingar koma einu sinni í

mánuði, dvelja þar nokkra daga og skipta með sér að þjónusta leik- og grunnskólana. Gott aðgengi er að Ráðgjafa- og greiningarstöð. Í tengslum við lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna er verið að móta verkferla á skólasviði Ísafjarðarbæjar um gagnkvæmt samstarf við heilsugæsluna. Sérkennslustýra getur leitað til sérfræðinga á skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar og segir samstarfið vera gott. Verið er að efla sérkennslustýrur innan Hjallastefnunnar, þær hittast og bera saman bækur sínar til að efla sig í starfi. Sérkennslustjórar í sveitarfélaginu hittast ekki. Sérkennslustýra telur aðstöðu fyrir börn með sérþarfir vera að mestu góða þó ekki hafi mikið reynt á það hingað til. Salernis- og skiptiaðstaða sé ágæt á yngsta kjarna en ábótavant á eldri kjörnum til að mæta þörfum eldri fatlaðra barna. Aftur á móti sagði hún aðstöðu til að eiga samskipti við foreldra ekki góða, samanber skort á fundaraðstöðu. Hún telur leikskólann vera vel búinn náms- og kennslugögnum og engin hindrun að kaupa það sem þarf

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í leikskólanum eru 11 börn sem eiga annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Lögð er áhersla á markvissa íslenskukennslu fyrir þau börn og eins og áður hefur komið fram er það íslenskukennari sem sinnir því starfi, vinnur náið með talmeinafræðingi, miðlar og kennir starfsfólki rétt vinnubrögð. Á heimasíðu Ísafjarðarbæjar er til áætlun um móttöku grunnskólabarna sem eiga annað móðurmál en íslensku en ekki var að finna sambærilega áætlun fyrir leikskólabörn og foreldra þeirra. Í upphafi leikskóladvalar sendir leikskólinn foreldrum tölvupóst þar sem barnið er boðið velkomið. Með póstinum fylgir bæklingur á íslensku, pólsku, ensku og spænsku þar sem starfið er kynnt. Boðið er upp á túlkabjónustu ef þarf, lögð áhersla á að velja túlk í viðtöl og á fundi í samráði við foreldra og geta það verið kennarar leikskólans, ættingjar eða vinir. Fátt í umhverfi leikskólans minnir á fjölbreytileikann eins og til dæmis bækur, leikföng, fánar eða kveðjur á tungumálum barnanna.

Kjarnastýrur segja að öll börn eigi sér samastað í barnahópnum, allir séu jafnir og stutt sé við þau börn sem þurfa á því að halda. Þær hafa lokið námskeiði í *Tákn með tali* og nota það í auknum mæli fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Á valfundum er notað tákn með tali og foreldrar hafa fengið kynningu á því. Eins og áður hefur komið fram er ritmál lítt sýnilegt í leikskólanum og fátt í sjónhæð barna nema helst myndrænt dagskipulag sem er um leið með táknum. Kjarnastýrur segja að ekki sé unnið markvisst með fjölbreytileikann og heimamenningu. Rætt sé um heimilin og fjölskylduna í leikskólanum og þegar þau ganga fram hjá heimilum barnanna í gönguferðum.

Styrkleikar

- Sérkennslustýra starfar við leikskólann, ber ábyrgð á sérkennslu, sér um frumgreiningu, leiðbeinir og fræðir starfsfólk.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og einstaklingsnámskrár gerðar í samráði við foreldra, sérfræðinga og stuðning viðkomandi barns.
- Leikskólinn vinnur markvisst að íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku og þjálfun barna með málþroskavanda.
- Unnið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við barnið fari fram í barnahópnum.
- Starfsfólk sækir námskeið til að auka þekkingu sína á þroskafrávikum barna.
- Foreldrar barna með annað móðurmál en íslensku fá upplýsingabækling á sínu tungumáli við upphaf leikskólagöngu og boðið er upp á túlkabjónustu.
- Öll börn eiga sýnlega hlutdeild í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að auka vinnu með fjölmenningu og heimamenningu allra barna og gera sýnilega í leikskólanum og gögnum hans.
- Leita leiða til að auka þátttöku leikskólabarna í samfélagsverkefnum.
- Gera þarf skriflegan feril fyrir snemmtæka íhlutun.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá segir að leikskólinn standi fyrir umfangsmiklu innra mati. Þar er talað um reglubundið innra mat Hjallastefnunnar og foreldra- og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Einnig er talað um skráningu á vali og hópstarfi.

Ekki hefur verið stofnað matsteymi í leikskólanum en ábyrgð á framkvæmd mats og forgangsröðun er hjá leikskólastýru. Í samvinnu við Skólapúlsinn eru árlega gerðar foreldra- og starfsmannakannanir. Samkvæmt leikskólastýru fer fram reglubundið innra mat Hjallastefnunnar sem metur framkvæmd stefnunnar á kjörnum, starfið með börnunum og samskipti starfsfólks við börn og foreldra. Í niðurstöðum matsins eru settir fram þeir þættir sem þarf að bæta, ábyrgðarmaður fyrir þeim og hvaða ár úrbæturnar eigi að vera komnar. Þessi gögn ætti að nýta í matsáætlun leikskólans. Í leikskólanum eru heimatilbúin eyðublöð til að meta hópstarf og val á kjörnum.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Ekki er til nákvæm matsáætlun fyrir skólaárið eða til lengri tíma. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastýru og kjarnastýrum fer vinna við innra mat fram á kjörnum, í samræðum starfsfólks á kjarnafundum undir stjórn kjarnastjóra og á kjarnastjórafundum. Hópstjórar fylla út lotulista um val barnanna og skrá í hópatímum hvaða verkefni eru tekin fyrir. Ekki eru sérstaklega metin samskipti á kjörnum utan þess sem fram kemur í Hjallastefnumati. Starfshópur á hverjum kjarna tekur saman niðurstöður af hópatalningablöðum frá lotulistum og skráningum á hópatímum, á mánaðar fresti. Kjarnastýrur bera ábyrgð á að safna saman matsgögnum af sínum kjörnum og koma niðurstöðum til leikskólastýru sem sér um að vinna úr niðurstöðum skráninganna. Kjarnastýrur segjast alltaf vera að ígrunda störf sín og samskipti við börnin, bæði sem hópur og einstaklingslega. Árlega eru tekin foreldra- og starfsmannasamtöl. Ekki kemur fram að markvisst sé gert mat á stefnu og markmiðum leikskólans. Börnin koma ekki að innra mati leikskólans.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður úr innra mati eru kynntar fyrir starfsfólki en ekki settar fram í starfsáætlun. Á Karellen sem er lokaður vefur fyrir foreldra og starfsfólk á að vera umbótaáætlun leikskólans en ekki er talað um að þar séu birtar niðurstöður kannana. Starfsáætlun er ekki aðgengileg á heimasíðu. Niðurstöður úr Hjallastefnumati eru ekki aðgengilegar á heimasíðu.

Styrkleikar

- Innra mat er gert á einstaka þáttum starfsins, hópstarfi og vali.
- Hjallastefnumat metur framkvæmd stefnunnar og Skólapúlsinn gerir árlega foreldra- og starfsmannakönnun.

Tækifæri til umbóta

- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvert markmiðið eigi að vera og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.

- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólans Eyrarskjóls, leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla 2011.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna leikskólans er sett fram í skólanámskrá.
- Almenn ánægja er meðal starfsfólks og foreldra með stefnu skólans.
- Áherslur stefnunnar koma fram í skipulagi leikskólans og starfi með börnunum.
- Leiðbeinandi starfsmannahandbók er í leikskólanum.
- Móttökuáætlun er fyrir nýtt starfsfólk og starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir ný börn, jafnréttis- og eineltisáætlun, verklagsreglur um viðbrögð við slysum, öryggishandbók.
- Skóladagatal er á heimasíðu.
- Símenntunaráætlun er unnin í leikskólanum með áherslu á fræðslu fyrir allan starfshópinn.
- Starfsfólk hefur metnað fyrir hönd leikskólans, trú á gæðum starfsins og er stolt af starfi sínu.
- Leikskólinn er með samning við Skólapúlsinn um árlegar foreldra- og starfsmannakannanir.
- Húsnæði leikskólans sem er skipulagt út frá hugmyndafræði Hjallastefnunnar er vel nýtt til náms og leikja.
- Starfsfólk er ánægt með fast skipulag starfsins og einfaldan efnivið.
- Lögð er áhersla á heilbrigði og vellíðan barna með hollri næringu og hreyfingu úti og inni.
- Svæði utan leikskólans bjóða upp á fjölbreytta möguleika til útináms.
- Skipulega er unnið að skráningum á námi barna í val- og hópatímum.
- Viðurkennd matstæki eru notuð við skimun á námi og framförum barna.
- Vel er staðið að móttöku barna og foreldra og kynningarbæklingur er afhentur við upphaf leikskólagöngu.
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um starf leikskólans, samskipti, líðan barna sinna og upplýsingar á Karellen.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann og upplýsingar um fulltrúa eru á heimasíðu.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og styrkir hann á margvíslegan hátt, upplýsingar eru á heimasíðu.
- Á heimasíðu eru upplýsingar um leikskólann á þrem tungumálum, ensku, pólsku og spænsku auk íslensku.
- Reglulegt samstarf er við bókasafnið sem börn og starfsfólk nýtir sér og samstarf er við jógakennara sem er með jógakennslu hluta út vetri.

- Sérkennslustýra starfar við leikskólann, ber ábyrgð á sérkennslu, sér um frumgreiningu, leiðbeinir og fræðir starfsfólk.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.
- Myndað er teymi um börn með sérþarfir og einstaklingsnámskrár gerðar í samráði við foreldra, sérfræðinga og stuðning viðkomandi barns.
- Leikskólinn vinnur markvisst að íslenskukennslu barna sem eiga annað móðurmál en íslensku og þjálfun barna með málþroskavanda.
- Unnið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um þroskafrávik barns.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við barnið fari fram í barnahópnum.
- Starfsfólk sækir námskeið til að auka þekkingu sína á þroskafrávikum barna.
- Foreldrar barna með annað móðurmál en íslensku fá upplýsingabækling á sínu tungumáli við upphaf leikskólagöngu og boðið er upp á túlkþjónustu.
- Öll börn eiga sýnlega hlutdeild í leikskólanum.
- Innra mat er gert á einstaka þáttum starfsins, hópastarfi og vali.
- Hjallastefnumat metur framkvæmd stefnunnar og Skólapúlsinn gerir árlega foreldra- og starfsmannakönnun.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga.
- Meta ætti hvernig stefnur og áherslur sem fram koma í skólanámskrá samræmast og hvernig þær birtast í uppeldisstarfinu á kjörnum.
- Auglýsa skal allar lausar stöður leikskólakennara í skólanum samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla.
- Leita þarf leiða til að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks í leikskólanum svo sem sérkennsluherbergi, rými fyrir minni fundi og bættu undirbúningsaðstöðu.
- Gera þarf nauðsynlegar lagfæringar á útileiksvæði með tilliti til öryggis barna.
- Leita leiða til að bæta loftgæði á gangi leikskólans og sinna viðgerðum á loftræstingu
- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár og samræma betur áherslur aðalnámskrár leikskóla 2011 og skólastefnu sveitarfélagsins við framkvæmd hugmyndafræðinnar til að forðast óþarfar endurtekningar í skólanámskránni.
- Endurskoða þarf starfsáætlun í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Setja betur fram áætlun og aðferð við innra mat, umbótaáætlun og birta í starfsáætlun á heimasíðu.
- Gera þarf skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda með tilliti til ábyrgðarluta hvers fyrir sig og skýra samráðsferli þeirra.
- Æskilegt væri að skilgreina hlutverk stjórnenda og kjarnastjóra gagnvart einstökum verkefnum.
- Fylgja þarf markvisst eftir áætlun um þjálfun nýliða í starfi.
- Festa þarf fundartíma fyrir lotufundi og kjarnafundi og gera markvissar fundargerðir.
- Skrá þarf verkefni sem unnin eru í undirbúningstíma.

- Stjórnendur ættu markvisst að veita starfsfólki endurgjöf varðandi frammistöðu þess.
- Gera ætti könnun á þörf starfsfólks fyrir fræðslu í samræmi við niðurstöður starfsmanna-könnunar 2022.
- Endurskoða og bæta þarf skipulag vinnutímastyttingar.
- Fullvinna þarf öryggis- og rýmingaráætlun í samstarfi við Slökkvilið Ísafjarðabæjar.
- Kanna þarf ástæður fyrir ábendingum um einelti/áreiti sem fram kemur í starfsmannakönnun 2022 og gera ráðstafanir til úrbóta.
- Huga þarf að leiðum til að bæta samskipti leikskólans og sveitarfélagsins.
- Æskilegt er að yfirfara, skipuleggja og endurnýja leikefni.
- Meta ætti hvort börnin fái nægan samfelldan tíma til frjálsra leikja, skoða möguleika á þátttöku barna í matmálistímum og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á matseðil.
- Gera ætti vinnu með málproskaverkefnið *Lubbi finnur* málbein markvissara og sýnilegra foreldrum.
- Æskilegt að auka aðgengi barna að bókum og vinna með þær við fleiri tækifæri en í sögustundum.
- Bæta og samræma ritmál, tölur og tákni á veggjum kjarna og hafa í sjónhæð barna.
- Huga ætti að því að kynna hugmyndafræði Einingakubbanna fyrir starfsfólki í þeim tilgangi að vinna samkvæmt skólanámskrá leikskólans.
- Leggja mætti auka áherslu á skapandi starf, gera efnivið aðgengilegri börnum, styrkja frumkvæði þeirra og sköpunargleði, huga betur að ferlinu frekar en afurðunum og gera vinnu barnanna sýnilegri foreldrum.
- Huga ætti betur að vali á verkefnum og tónlist út frá aldri barna.
- Skoða ætti leiðir til að vinna betur með útinám allra barna og gera þann þátt sýnilegri í gögnum leikskólans.
- Skoða ætti fjölþættari vinnu, búnað og tæki við rannsóknir og vísindi og gera búnað aðgengilegan börnum.
- Auka ætti tækifæri barna til að koma að ákvarðanatöku og vali á viðfangsefnum skipulagðra stunda.
- Gefa börnum tækifæri á að meta nám sitt og setja sér markmið og skoða möguleika á að foreldrar komi meira að mati á námi barna sinna.
- Listi yfir matstæki fyrir mat á námi- og framförum barna skal birta skólanámskrá.
- Samræma þarf uppeldisstarf á kjörnum við það sem fram kemur í skólanámskrá.
- Skoða ætti ábendingar foreldra er varða upplýsingar á Karellen og upplýsingatöflu og samræmi milli kjarna.
- Taka ætti til athugunar niðurstöður foreldrakönnunar og umræður í rýnihóp um það sem má bæta og leita leiða til úrbóta.
- Tryggja að foreldrar komi að mati á þroska og framförum barna sinna.
- Tryggja aukna útiveru og samvinnu um útinám við leikskólann Sólborg.
- Bæta daglegar upplýsingar til foreldra um börnin í skapandi starfi og leik.
- Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun, boða fundi með dagskrá, skrá fundargerðir og birta á heimasíðu.

- Æskilegt væri að foreldraráð boðaði leikskólastýru á fundi foreldraráðs.
- Starfsáætlun á að vera yfirlésin og samþykkt af foreldraráði árlega.
- Leita leiða til að koma á formlegu samstarfi við grenndarsamfélagið og gera á þann hátt leikskólann sýnilegri í samfélaginu.
- Æskilegt væri að auka vinnu með fjölmenningu og heimamenningu allra barna og gera sýnilega í leikskólanum og gögnum hans.
- Leita leiða til að auka þátttöku leikskólabarna í samfélagsverkefnum.
- Gera þarf skriflegan feril fyrir snemmtæka íhlutun.
- Stofna matsteymi í leikskólanum og gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvert markmiðið eigi að vera og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.
- Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.
- Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrast í mati á leikskólastarfinu.
- Birta greinargerðir um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Eyrarskjóli leiðir í ljós að þar fer fram skipulagt leikskólastarf sem stjórnað er af metnaði. Húsnæði leikskólans er ágætt og vel nýtt fyrir starfið með börnunum en bæta ætti vinnuaðstæður starfsfólks. Hugmyndafræði og einkunnarorð leikskólans birtast í starfinu. Stjórnendur skipta með sér verkum en verkaskipting er ekki skráð. Aðstoðarleikskólastýra leiðir faglegt starf og sameiginlega leggja leikskólastýrur áherslu á að rétt sé unnið samkvæmt Hjallastefnunni og allt skipulag í skólanum er í föstum skorðum samkvæmt henni. Samdóma álit alls starfsfólks er að góður starfsandi sé í leikskólanum. Samábyrgð starfsfólks er sýnileg og umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börnin. Vel er haldið utan um stuðning og sérkennslu barna. Börnunum líður vel, foreldrar eru ánægðir með hugmyndafræði leikskólans og samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Þeir eru einnig ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum. Halda þarf áfram að endurskoða skólanámskrá og tryggja aðkomu allra sem málið varðar í leikskólanum að þeirri vinnu. Við næstu starfsáætlunar þarf að fylgja reglum aðalnámskrár leikskóla 2011. Vel er unnið með flest námssvið leikskólans en mætti gera meira úr skapandi starfi og vísindum og skoða hvernig auka megi útinám. Nokkuð vel er staðið að innra mati en stofna þarf matsteymi, gera matið kerfisbundnara og meta betur grunnstoðir starfsins. Meta ætti hvernig unnið er með barnalýðræði.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 1. október 2022.

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Ársskýrsla Eyrarskjóls fyrir skólaárið 2020-2021. Sótt á vef 5. október 2022.

Slóðin er: <https://eyrarskjol.hjalli.is/eyrarskjol/arskyrsla%20eyrarskjols%202020%20til%202021.pdf>

Gögn frá leikskólastýru – Starfsáætlun 2022-2023.

Gögn frá leikskólastýru – Starfsmannakönnun Skólapúlsins, maí 2022.

Leikskóladagatal Eyrarskjóls 2021-2022. Sótt á vef 1. október 2022.

Slóðin er: <https://eyrarskjol.hjalli.is/Skolastarfid/Skoladagatal>.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Sótt á vef 23. okt. 2022.

Slóðin er: <https://www.althingi.is/altext/151/s/1723.html>

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla. Sótt á vef 1. október 2022.

Slóðin er: <https://island.is/reglugerdir/nr/0655-2009>

Skólanámskrá Eyrarskjóls. Sótt á vef 5. október 2022.

Slóðin er: <https://eyrarskjol.hjalli.is/eyrarskjol/skolanamskra%20hjallastefnu%20leikskola%202012%20vinnuskjal%20eyrarskjol%20%C3%AD%20endurskoðun.pdf>

Skólapúlsinn – foreldrakönnun 2022 – Eyrarskjól.

[https://eyrarskjol.hjalli.is/eyrarskjol/niðurstöður%20foreldrakönnunar%20b%20\(1\).pdf](https://eyrarskjol.hjalli.is/eyrarskjol/niðurstöður%20foreldrakönnunar%20b%20(1).pdf)

Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþorska og læsi. Sótt á vef 12. október 2022.

Slóðin er: https://mms.is/sites/mms.is/files/snemmtaek_ihlutun-samstarf-1.pdf

Viðtöl:

Símtal við formann skóla- og tólmstundasviðs.

Viðtal við aðstoðarleikskóla-/sérkennslustýru.

Viðtal við leikskólastýru.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp kjarnastýra.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks.

